



**SKOÐUN** Heilbriggt kynlíf hlýtur að vera mottó okkar allra, skrifar Teitur Guðmundsson læknir. **13**



**MENNING** Systurnar Sigríður, María og Hulda setja upp sameiginlega ljósmyndasýningu. **30**



**SPORT** Áfram bikarblús á Old Trafford eftir að Chelsea sló Man. United úr enska bikarnum í gær. **26**

**FARTÖLVUR**  
15,6" FARTÖLVUR FRÁ **69.990**  
YFIR 50 GERÐIR Á LAGER  
TÖLVU LISTINN  
tl.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur  
2. apríl 2013  
76. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



## FRÉTTIR

### Merkur hausfundur

Rostungshausar sem fundust á Snæfellsnesi setja kenningu um uppuna hinna frægu Lewis-taflanna í nýtt samhengi. **2**

**Óvíst um milljónir** Fjórir menn sem eru ákærðir fyrir brot á gjaldeyrislögum eru sagðir hafa komið hundruðum milljóna undan erlendis. **4**

**Gagnrýna Umferðarstofu** Bifvéla-virkjum reynist erfitt að fá réttindi til metanbreytinga á bílum, jafnvel þótt þeir hafi sótt tilskilið námskeið. **8**



Bolungarvík	5°	SA	4
Akureyri	4°	SV	3
Egilsstaðir	5°	SV	2
Kirkjubæjarkl.	6°	SA	2
Reykjavík	6°	SA	6

**HÆGUR VINDUR** Hæg suðaustlæg eða breytileg átt, skýjað með köflum og stöku skúrir SV-til en annars víða bjartviðri. Hiti 3-8 stig. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



# Ekki nógu veikur á pappírnum

Svavar Þrastarson þjáist af geðklofa en er metinn með litla stuðningsþörf samkvæmt nýju matskerfi. Er ósáttur við útkomuna og vill fá nýtt mat. Forstöðukona sambýlis gagnrýnir kerfið og segir mannréttindi brotin.

**SAMFÉLAGSMÁL** Fertugur geðklofasjúklingur er ósáttur við matskerfi sem notað er til að meta stuðningsþörf fatlaðra einstaklinga. Íslenska ríkið kom kerfinu, sem kallast SIS-mat (Support Intensity Scale) á árið 2009. Þetta var gert til að reikna út greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna framfærslu fatlaðra einstaklinga eftir að málaflókkurinn færðist frá ríki til sveitarfélaga.

Svavar Þrastarson er liðlega fertugur og greindist með geðklofa fyrir fimm árum þegar hann sat í dönsku fangelsi. Áður hafði hann oft sinnis dvalið á ýmsum stofnunum og líka verið á götunni. Hann dvelur nú á sambýlinu Hólabrekku við Höfn í Hornafirði.

„Ég er ósáttur við hvernig að þessu var staðið og myndi vilja að það væri gert endurmat á mér,“ segir Svavar. Hann mældist með þrjá í stuðningsþörf samkvæmt SIS-kerfinu, en mest getur þörfin mælst tólf.

Anna Egilsdóttir, forstöðukona Hólabrekku, segir að svo lágt mat veiti nánast engin réttindi til stuðnings frá sveitarfélaginu. Yrði sambýlinu til dæmis lokað, væri mjög ólíklegt að nokkurt sveitarfélag vildi taka Svavar að sér. „Það væri enginn í búsetu hjá okkur ef hann þyrfti þess ekki,“ segir hún. „Með þessu er verið að skerða réttindi fólks til að velja

## → Hefur áhyggjur af syni sínum

**Próstur Víðisson**, faðir Svavars, hefur miklar áhyggjur af þróuninni og sakar sveitarfélögin um að reyna að spara peninga með því að nota SIS-matið.

„Þetta þýðir að ef honum dytti í hug að fara út af Hólabrekku myndi hann enda á götunni því samkvæmt þessu mati hefði hann ekki rétt á neinum stuðningi,“ segir Próstur. Hann hefur fyrir atbeina umboðsmanns Alþingis fengið afhent öll gögn er lúta að mati á stuðningsþörf sonar hans.




sér búsetu. Hvað er það annað en mannréttindabrot?“

Velferðarráðuneytinu hafa borist kvartanir vegna SIS-mats á geðsjúkum einstaklingum. Samkvæmt upplýsingum þaðan er reynt að bregðast við öllum

slíkum ábendingum með því að fá mat sérfræðinga í álitamálum.

Forstöðumaður Greiningarstöðvar ríkisins vísar gagnrýni á bug og segir matið áreiðanlegt fyrir geðsjúka einstaklinga.

- sv / sjá síðu 6



**LÍNAN BLEYTT Á NÝ** Veidimenn um allt land voru fegnir að komast loksins í vöðlurnar þegar veiðitímabilið hófst formlega í gær eftir vetrarhlé. Þessi fluguveiðimaður stóð í miðju Vífilsstaðavatni í gær og hafði greinilega engu gleymt. Vatnið er mjög grunnt og þar má draga að landi bæði urriða og bleikju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu glímdi við sinueld í Gufuneskirkjugarði: Áhyggjur af þurrki um allt land

**ALMANNAVARNIR** Sinueldur logaði í Gufuneskirkjugarði í gærkvöldi. Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu slökkta eldinn á rúmlega hálf tíma eftir að hafa fengið tilkynningu laust fyrir sjö.

Engar grafir urðu eldinum að bráð og brann hann á ónýttu svæði við girðinguna nyrst í garðinum. Alls brunnu nokkur hundruð fermetrar af sinu. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu er útilokað að eldurinn hafi kviknað út frá kerti við leiði. Því er talið

líklegt að um íkveikju hafi verið að ræða.

Slökkviliðið hefur áhyggjur af því hvað gróður er orðinn þurr um allt land. Tíðni verulegra sinuelda sé að aukast. „Þetta er eitthvað sem við þurfum að fara að taka föstum tókum. Þetta er ný ógn sem við eigum eftir að þurfa að búa við,“ segir Bjarni Kristinn Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri í Borgarbyggð.

Slökkviliðið hvetur fólk til að fara varlega með eld.

Þetta er ný ógn sem við eigum eftir að þurfa að búa við.

Bjarni Kristinn Þorsteinsson slökkviliðsstjóri

VILTU LÆRA LISTINA AÐ MUNA?

TIPLAÐ MEÐ EINSTEIN

www.forlagid.is

**DOMTI**®  
Allt fyrir heimilið

Aðeins þrjá verð:  
290 kr 390 kr 690 kr

Smáratorgi 1 • 522 7000 • www.domti.is

3 FYRIR 2 AF PÚÐUM

the PIER

SMÁRATORGI • KORPUTORGI • GLERÁTORGI

## SPURNING DAGSINS



Helgi, þarf að styrkja stíginn?

„Já, ef það gengur upp.“

Helgi Gíslason er framkvæmdastjóri Skóg-ræktarfélag Reykjavíkur en til stendur að lagfæra stíginn í Esjuhlíðum fáist til þess styrkur.

Danskir kennarar ósáttir við verkþann stjórnvalda sem tók gildi í gær:

## 900 þúsund nemendur heima

**DANMÖRK** Um níu hundruð þúsund nemendur í Danmörku snúa ekki aftur í skólann í dag eftir páskafrí ef verkþann kennara í landinu tekur gildi. Bannið yrði það stærsta í sögu Danmerkur en um sextíu þúsund kennarar fá ekki að sinna starfi sínu frá og með deginum í dag.

Það eru dönsk stjórnvöld sem standa fyrir banninu sem kennarar eru mjög ósáttir við og saka stjórnvöld um óbilgirni í sinn garð. Undanfari bannsins er harðar deilur milli stjórnvalda og kennara,



**BÖRNIN FÁ EKKI KENNSLU** Margir vinnustaðir hafa gert ráðstafanir varðandi barnapössun.

meðal annars um vinnutímann. Vegna nýrra tillagna um endur-

bætur á kennslustarfi er þess krafist að kennarar eyði meiri tíma innan veggja skólans án þess að fá sérstaklega greitt fyrir. Stjórnvöld boðuðu bannið í lok febrúar en það er ótímabundið.

Danskir vinnustaðir hafa margir hverjir gert ráðstafanir varðandi barnapössun fyrir starfsmenn sína en það er ljóst að fjölmargir þurfa að vera heima. Kennarar segjast ekki ætla að taka banninu þegjandi og hljóðalaust og boða til mótmæla víðs vegar um landið á morgun. - 4p

## Aftakaveður á Atlantshafi: Íslenskir sjómenn í lífsháska

**LANDHELGISGÆSLAN** Skip á leið í brotajárn í Belgíu með íslenskri áhöfn sókk í miklum stormi á leið sinni yfir Atlantshafið á föstudaginn langa. Áhöfninni var bjargað með naumindum í togarann Cape Ballard sem hafði brotajárnskipið, Cape Beaver í togi. Stöð 2 greindi frá þessu í gærkvöldi.

Skipin voru á leið frá Kanada til Belgíu þar sem rífa átti Cape Beaver. Engin meðsl urðu á fólki en Cape Ballard siglir nú til hafnar í Hafnarfirði. - þpb



**MIKIL SALA** Götusalan blómstraði í borginni Yangon í gær. Hálf öld er síðan einkarekin dagblaðaútgáfa var bönnuð í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dagblaðaútgáfa blómstrar í Mjanmar:

## Fjögur ný dagblöð komu út í gær

**MJANMAR, AP** Fjögur ný dagblöð litu dagsins ljós í Mjanmar, einnig þekkt sem Burma, í gær en það er í fyrsta sinn síðan árið 1964 sem einkarekin dagblöð fá útgáfuleyfi í landinu. Stjórn landsins, með Thein Sein forseta í fararbroddi, afnam ritskoðun í landinu í fyrra og gáfu út leyfi fyrir einkarekna dagblaðaútgáfu frá og með 1. apríl.

„Við höfum bedið eftir þessum degi í hálfu öld,“ sagði hinn 81 ára gamli Khin Maung Lay, ritstjóri dagblaðsins Golden Fresh Land sem kom út í 80 þúsund eintökum í gær og seldist upp. Nú þegar hafa sautján ný dagblöð fengið útgáfuleyfi í landinu og þykir þetta eitt af mörgum skrefum í átt að lýðræði í Mjanmar. - 4p

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Banaslys í Breiðdal

Þrjú ára gömul stúlka lést þegar fjórhjól sem hún var farþegi á valt af vegi í nánd við Skjöldólfsstaði í Breiðdal á sunnudag. Ökumaður hjólsins var fluttur á sjúkrahús í Neskaupstað til aðhlyningar en er ekki alvarlega slasaður. Lögreglan á Eskifirði rannsakar nú málið en verst frekari fregna af því.

## SLYS

### Útskrifaður af gjörgæslu

Vélsleðamaður sem slasaðist alvarlega í slysi á Bíldsárskarði á Vaðlaheiði á páskadag er kominn af gjörgæsludeild. Maðurinn hlaut fjölda beinbrota og skemmdir á ósæð í slysinu og þurfti að gangast undir aðgerð á Landspítalanum.

Stjórnmalafylgi í Noregi:

## Erna Solberg nýtur vinsælda

**NOREGUR** Helmingur Norðmanna vill að Erna Solberg, formaður norskra hægri manna, verði forsætisráðherra Noregs. Jens Stoltenberg forsætisráðherra nýtur stuðnings 43 prósentna þeirra sem þátt tóku í fylgiskönnun norska blaðsins Aftenposten.

Solberg er vinsælust meðal þeirra sem eru 30 til 44 ára. Í fyrra naut Stoltenberg fylgis 51 prósentna kvenna. Nú styðja 46 prósent norskra kvenna Stoltenberg. Solberg nýtur jafnmikils fylgis meðal kvenna. - ibs

# Hausafundur styrkir taflmannakenningu

Fundur rostungshausa á Snæfellsnesi setur kenningu um uppruna hinna frægu Lewis-taflmanna í nýtt samhengi, en þeir eru skornir úr rostungstönnum. Sérfræðingar Skoska þjóðminjasafnsins gefa út veglegt rit um taflmennina á árinu.

**MENNING** „Þetta getur rennt stöðum undir þessa kenningu mína, en á hinn bóginn er allt eins líklegt að þessi fundur hafi nákvæmlega enga þýðingu í því samhengi. Það er ljóst að efniviðurinn var í landinu,“ segir Guðmundur G. Þórarinnsson, fyrrverandi alþingismaður og forseti Skáksambands Íslands, um einstakan fund í fjöru á Snæfellsnesi. Guðmundur hefur sett fram þá kenningu að elstu taflmenn heims með nútímaútlit, Lewis-taflmennirnir, séu íslenskir að uppruna.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni fann Örn Erlendsson forstjóri þrjá rostungshausa og stakar rostungstennur í fjörunni við sumarhús sitt í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Taflmennirnir fundust hins vegar árið 1831 á skosku eyjunni Lewis. Þeir eru flestir skornir úr rostungstönn og taldir gerðir á árabílinu 1150 til 1200.

Lewis-taflmennirnir, eða listmunirnir sem margir telja réttnefni, eru sagðir vera dýrmætustu taflmenn sögunnar sem nú eru taldir meðal fimm merkustu forngrípa í eigu Breska þjóðminjasafnsins. Lengi vel var því haldið fram að þeir hefðu verið gerðir í Þrándheimi.

Sumir fræðimenn Breska þjóðminjasafnsins telja ólíklegt að gripirnir geti verið af íslenskum uppruna, en vegleg bók um efnid kemur út seinna á þessu ári á vegum fornleifafræðinga hjá Skoska þjóðminjasafninu, þar sem kenningu Guðmundar er gert hátt undir höfði.

Guðmundur hefur sett fram þá kenningu að taflmennirnir hafi verið gerðir í Skálholti, og nefnt



**TAFLMENN** The New York Times, The Scotsman og Daily Telegraph eru meðal miðla sem hafa fjallað um kenningu Guðmundar, og sýnir það hversu frægir gripirnir eru.

í því sambandi sem mögulegan höfund Margræti hina högu, sennilega fyrstu myndlistarkonu Íslands, og séu skornir úr rostungstönnum frá Grænlandi. Aðspurður segir Guðmundur að fundur eins og sá á Snæfellsnesi geti rennt stöðum undir það að efniviðurinn hafi verið til staðar, en aldursgreining mundi færa okkur nær sannleikanum. Að minnsta kosti sé ljóst að fundur sem þessi dragi ekki úr þeirri skoðun hans að rostungstennur hafi verið nýttar við útskurð og listsköpun á söguöld á Íslandi. svavar@frettabladid.is

**ROSTUNGSHAUS** Einn af hausunum frá Snæfellsnesi þjónar sem stofustáss. MYND/ÖRN ERLENDSSON



## ÞÉR ER BOÐIÐ Á OPINN STJÓRN MÁLAFUND

ALLIR VELKOMNIR



Vinstri græn boða til opinna stjórnmalafunda í kvöld kl. 20.

**Suðurkjördæmi** – Flughótelinu í Reykjanesbæ með Steingrími J. Sigfússyni og Arndísi Soffíu Sigurðardóttur.

**Norðvesturkjördæmi** – Gamla kaupfélaginu á Akranesi með Lilju Rafney Magnúsdóttur og Árni Þór Sigurðssyni.

Rjúkandi kaffi og líflegar umræður.

FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU



Þrjú smáflokkar sameinast ekki og Flokkur heimilanna var stofnaður í gær:

## Varð ekki úr kosningabandalagi

### 2013

Flokkur heimilanna var kynntur á blaðamannafundi í gær. Pétur Gunnlaugsson er formaður flokksins, en hann gekk úr Lýðræðisvaktinni fyrir skemmstu. Inga Karen Ingólfssdóttir er varaformaður.

Átta hópar sameinast í Flokki heimilanna. Það eru Lýðveldisflokkurinn, Samtök fullveldissinna, áhugahópur um tjáningarfrelsi, Sjálfstæðir sjálfstæðismenn, Þjóðarflokkurinn, áhugahópur úr Hagsmunasamtökum heimilanna, áhugafólk um kjör aldraðra og öryrkja og fyrrverandi félagar í Samstöðu.

Þá munu Píratar, Dögun og Lýðræðisvaktin ekki bjóða fram sameiginlega til Alþingiskosninga í lok mánaðarins.



**FYRIR HEIMILIN** Meðal frambjóðenda hjá Flokki heimilanna eru Ásgerður Jóna Flosadóttir hjá Fjölskylduhjálpi Íslands, Halldór Gunnarsson prestur og Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri á útvarpi Sögu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Stefnur og áherslumál flokksanna eru að sumu leyti misjöfn og rétt þykir að halda sérkennum þeirra, sérstöðu og sjálfstæði til haga,“ stendur í tilkynningu frá

framboðunum. Framboðin segjast þrátt fyrir þetta vera viljug til þess að starfa saman á nýju þingi að sameiginlegum stefnumálum þeirra, nái þau kjöri. - þeb


# Notkun á L.is fjórfaldast á fjórum mánuðum

## Besti farsímavefurinn



L.is var valinn besti smá- og handtækjavefurinn á Íslensku vefverðlaununum í janúar 2013.

## Fjöldi heimsóknna



Notkun á L.is hefur stórukist í kjölfar þeirra breytinga sem Landsbankinn hefur ráðist í undanfarna mánuði.

## Aukið öryggi í allri notkun

100%

Með nýju öryggiskerfi er gætt að allri notkun í netbanka einstaklinga, ekki eingöngu auðkenningunni.



L.is er vefur Landsbankans fyrir farsíma og spjaldtölvur með sérsníðnum netbanka og öllum helstu upplýsingum.

**Landsbankinn** ætlar að nota nýja tækni til að færa bankaviðskipti nær fólki, gera flókna hluti einfalda og þjónustuna persónulegri. Á sama tíma viljum við lækka kostnað af bankastarfsemi og efla þannig hag viðskiptavina, bankans og samfélagsins.

**Við þökkum frábærar viðtökur.** Í vetur hefur Landsbankinn opnað nýjan og betri farsímavef, innleitt nýtt öryggiskerfi og kynnt millifærslur á netföng og farsímanúmer. Um leið hefur notkun L.is fjórfaldast og ánægja viðskiptavina með netbanka Landsbankans eykst stöðugt.

Þróun á notkun netbanka einstaklinga er ánægjuleg. Bætt aðgengi og endurbætt hönnun færir notkunina úr hefðbundnum netbanka yfir í farsímann. Þannig færir þjónustan nær notandanum.

Landsbankinn hefur kosið að þróa farsímavef til að tryggja öllum viðskiptavinum sömu þjónustuna. Við teljum þessa miklu aukningu til marks um að við séum á réttri leið.

Það er markmið Landsbankans að fjölga möguleikum viðskiptavina til að nýta L.is. Bankaviðskipti eiga að fara fram þar sem viðskiptavininum hentar.

Við þökkum frábærar viðtökur og höldum áfram að færa Landsbankann þinn nær þér.

## Notkun á netbanka Landsbankans



Netbankanotkun er að breytast hratt. Landsbankinn ætlar að taka þátt í þeirri þróun með framsæknum lausnum í bankaviðskiptum.



**GENGID**  
27.03.2013

	Bandaríkjadalur	124,35	124,95
	Sterlingspund	188,05	188,97
	Evra	158,96	159,84
	Dönsk króna	21,329	21,453
	Norsk króna	21,297	21,423
	Sænsk króna	19,164	19,276
	Japanskt jen	1,3175	1,3253
	SDR	186,06	187,16

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**  
218,6558

Viðbragðsáætlun vegna gróðurelda í Skorradal verður kynnt í vikunni. Miklir þurrkar geta skapa hættu:

# Skorradalurinn er hættuleg púðurtunna

**ALMANNAVARNIR** Engar sértækar viðbragðsáætlanir eru til fyrir þessar sumarhúsabyggðir á Íslandi nema ef slík áætlun hefur verið gerð að frumkvæði svæðisbundinna yfirvalda. Viðbragðsáætlun vegna gróðurelda í Skorradal verður kynnt í vikunni.

Hætta skapaðist þegar neisti frá flugeldi varð að miklum sinueldi í Skorradal á laugardagskvöldið. Algert lofn var í Skorradal sem gerði slökkvistarf auðveldara. „Þarna hjálpaðist allt að. Það var

alveg dauðalogn á meðan við börðumst við eldinn,“ segir Bjarni Kristinn Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri í Borgarbyggð. Einnig hafi skipt miklu að fólk úr nálægum húsum hjálpaði til við slökkvistarfið.

„Það er ekki til heildstæðar séráætlun en það eru til almennar viðbragðsáætlanir og eftir þeim er farið í þessum tilvikum,“ segir Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar.

Ekki var stuðst við viðbragðsáætlunina í Skorradal um helgina en í

henni eru vandamál varðandi vatnstöku úr Skorradalsvatni nefnd, auk þess sem slóðar eru sagðir illfærir þungum slökkviliðsbílum.

„Ástandið getur orðið mjög hættulegt vegna veðurfarsbreytinga,“ segir Bjarni og segir Skorradal vera eins og hættulega púðurtunna í miklum þurrkum. Sökum þéttleika sumarhúsabyggðarinnar getur eignatjón orðið verulegt ef eldur læsir sig í gróðurinn á svæðinu. Þá er hugsanlegt að fólk verði innlyksa vegna gróðurelda á svæðinu. - bph



**MIKIÐ BÁL** Mikil hætta skapaðist þegar eldurinn breiddi úr sér. MYND/ÖRN ARNARSON

## Herdís Þorvaldsdóttir látin

Herdís Þorvaldsdóttir leikona er látin, 89 ára að aldri.

Herdís lék fyrst á sviði aðeins níu ára gömul. Hún lærði leiklist hjá Lárusi Pálsyni og Haraldi Björnsyni, auk þess sem hún lærði hjá konunglegu akademíunni í London.

Herdís

var fastráðin við Þjóðleikhúsið frá fyrsta starfsári þess árið 1950. Hún lék síðast í verkinu Karma fyrir fugla, sem verið er að sýna í leikhúsinu. Hún lék mikið í útvarpi og sjónvarpi, auk nokkurra kvikmynda. Hún hlaut ýmsar viðurkenningar, meðal annars fálkaorðu.

Herdís var gift Gunnlaugi Þórðarsyni hæstaréttarlögmanni, sem lést árið 1998. Þau eignuðust fjögur börn. Barnabörn þeirra eru sautján og barnabarnabörn sextán.

Sumarstörf hjá Reykjavík:

## Fresturinn að renna út

**REYKJAVÍK** Fresturinn til að sækja um sumarstarf hjá Reykjavíkurborg rennur út á miðnætti í kvöld. Að sögn Bjarna Brynjólfssonar, upplýsingafultrúa Reykjavíkurborgar, eru um það bil 1.200 störf í boði og eru þau margvísleg.

Allir sem fæddir eru árið 1996 og fyrr geta sótt um starf. Sem dæmi um störf í boði má nefna störf í Vinnuskólanum, Húsdýragarðinum og sundlaugum ÍTR.

- bph

## Forsetinn á Indlandi: Setti ráðstefnu um bráðnun íss

**UMHVERFIÐ** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, setti í gær alþjóðlega ráðstefnu um bráðnum jökla í Himalaja-fjöllum. Ráðstefnan fer fram við jarðvísindastofnunina Wadia í Dehradun á Indlandi í gær.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**

Ólafur Ragnar fjallaði meðal annars um nauðsyn víðtæks alþjóðlegs samstarfs um rannsóknir á bráðnun íss og jökla á norðurslóðum og á Himalajasvæðinu.

Ráðstefnan er sú fjórða í röðinni en auk Ólafs Ragnars eru þar staddir Íslendingarnir Helgi Björnsson jöklafræðingur og Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands. - trs

Skotarásin í Colorado:

## Fara fram á dauðarefsingu

**BANDARÍKIN, AP** Saksóknari í Colorado fór fram á dauðarefsingu yfir skotárásarmanninum James Holmes í gær. Holmes er ákærður fyrir að hafa skotið tólf manns til bana og sært um 70 er hann réðst inn á miðnætursýningu á Dark Knight Rises í Aurora, úthverfi Colorado, og hóf skotárás í þéttsetnum bíosal. Ákærvaldið hafnaði boði verjenda Holmes um að hann játaði sakargiftum gegn því að þeir féllu frá dauðarefsingu.

Holmes sýndi engin viðbrögð við þessum orðum í réttarsalnum að sögn viðstaddra. Réttarhöld í málinu eiga að hefjast í byrjun ágúst. - ap

# Óvíst hvað varð um hundruð milljóna

Sérstakur saksóknari segir óvíst hvað varð um stóran hluta þess fjár sem talið er að fjórir menn hafi grætt á gjaldeyrisviðskiptum í gegnum Svíþjóð. Lítil hluti þess kom til Íslands. Mál manna hefur verið í rannsókn í meira en þrjú ár.

**DÓMSMÁL** Mál fjórmanna sem hafa verið ákærðir fyrir brot á gjaldeyrislögum hefur verið í rannsókn í rúm þrjú ár. Óvíst er hvað varð um stóran hluta þeirra peninga sem þeir eru taldir hafa grætt á gjaldeyrisviðskiptum, minnst 656 milljónir króna.

Karl Löve Jóhannsson, Gísli Reynisson, Markús Máni Michaelsson Maute og Ólafur Sigmundsson eru ákærðir fyrir að hafa haft milligöngu um gjaldeyrisviðskipti án leyfis og um leið hafa staðið að ólöglegum viðskiptum með gjaldeyri fyrir rúma fjórtán milljarða króna árið 2009.

Mennirnir fjórir skiptu gjaldeyri í íslenskrar krónur fyrir 84 viðskiptavinum á hagstæðari kjörum en hægt var að fá hjá íslenskum fjármálastofnunum. Þeir fluttu krónurnar frá félaginu Aserta í Svíþjóð til Íslands. Þetta gerðist samkvæmt ákærinni í 748 skipti.

Meirihluti viðskiptanna átti sér stað eftir að gjaldeyrislögum var breytt, í júlí 2009. Öll viðskipti eftir þann tíma eru því talin brot á lögum um gjaldeyrisviðskipti. Fyrr viðskiptin sem áttu sér stað fyrir lagabreytinguna eru mennirnir ákærðir fyrir að hafa starfað án leyfis.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn héldu blaðamannafund þegar málið kom upp í janúar 2010. Þá var tilkynnt um handtöku fjórmanninganna og kyrrsetningar á fjölmörgum eignum þeirra. Mennirnir voru



**MÁLIÐ KYNNT** Þegar málið kom upp var blásið til blaðamannafundar af Seðlabanka, Fjármálaeftirliti og efnahagsbrotadeild lögreglunnar. Rannsóknin lá svo hálfpartinn í dvala þangað til kyrrsetningu var aflétt fyrir rúmu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Stofnuðu félag á Kýpur fyrir peningana

„Að stærstu leyti er óvíst um afdrif þess ávinnings sem ákærðu höfðu af háttsemi sinni,“ segir í ákærinni. Talið er að þeir hafi haft um 164 milljónir hver upp úr viðskiptunum. Samkvæmt gögnum málsins virðist lítil hluti peninganna hafa verið fluttur til Íslands og telur saksóknari að meirihlutanum hafi verið komið undan erlendis. Að minnsta kosti hafi mennirnir gert ráðstafanir til þess að koma peningum í aflandsfélög og létu stofna félag á Kýpur í því skyni. Inn á bankareikninga fjórmanninganna runnu eftirfarandi upphæðir: Markús Máni fékk 53,6 milljónir, Ólafur 10,6 milljónir, Karl Löve 45,7 milljónir og Gísli 35,2 milljónir. Ekki er vitað nákvæmlega hvað varð um þessa peninga heldur.

yfirheyrðir og leitað var á heimilum þeirra í upphafi ársins 2010 en eftir það gerðist lítið í rannsókninni.

Tveimur árum síðar ákvað Hæstiréttur að aflétta kyrrsetningunni, með þeim rökum að rannsóknin hefði dregist úr hófi þannig að það þygt gegn stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála

Evrópu að svipta þá forræði yfir eignum sínum lengur.

Eftir að kyrrsetningunni var aflétt og málið var komið á forræði sérstaks saksóknara var því hraðað. Það var svo þann 22. mars síðastliðinn sem eignir þriggja þeirra voru kyrrsettar á nýjan leik og ákæra gegn þeim var gefin út.

thorunn@frettabladid.is

**ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!**


Finnst þér allir vera að hvísla?

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 21°	Billund 4°	Gautaborg 3°	London 6°	Orlando 27°	San Francisco 17°
Basel 8°	Frankfurt 7°	Kaupmannahöfn 3°	Mallorca 20°	Ósló 2°	Stokkhólmur 3°
Berlín 3°	Friedrichshafen 11°	Las Palmas 23°	New York 7°	París 8°	

**Elisabet Margeisdóttir** veðurfréttamaður

Ertu að leita  
upplýsinga?  
[www.suzuki.is](http://www.suzuki.is)



Way of Life!

# Vor og sumar á leiðinni



## Suzuki Swift

Verð frá 2.550 þús. Eyðsla frá 5,0L/100km (blönduðum akstri, beinskiptur) CO<sup>2</sup> 116g/km



Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár.  
Með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.  
Býðst beinskiptur og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi  
beinskiptur. Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni  
og kemur með ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum  
sem staðalbúnaði.



**Velkomin í reynsluakstur**

**FYRIR SKYNSAMT  
FÓLK**



**SUZUKI**

**TRAUST UMBOÐ  
Í YFIR 40 ÁR**

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • [WWW.SUZUKI.IS](http://WWW.SUZUKI.IS)

MAT Á STUÐNINGI VIÐ GEÐFATLAÐA UMDEILT

# Segja mat ríkisins skerða rétt geðsjúkra

Kerfi ríkisins til að meta stuðningsþörf geðfatlaðra er gagnrýnt. Faðir sjúklings þurfti að leita til umboðsmanns Alþingis til að fá gögn um mál hans.

**Sunna Valgerðardóttir**  
sunna@frettabladid.is



**LENTI Í FANGELSI Í DANMÖRKU** Svavar var handtekinn í Danmörku eftir misheppnað rán og var þar fyrst greindur með geðklofa eftir fimmtán ára baráttu við sjúkdóminn hér heima.

NORDICPHOTOS/AFP

„Þetta þýðir að ef honum dytti í hug að fara út af Hólabrekku myndi hann enda á götunni því samkvæmt þessu mati hefði hann ekki rétt á neinum stuðningi,“ segir Þróstur Ingólfur Víðisson, faðir fertugs manns sem hefur þjáðst af geðklofa síðustu tuttugu ár.

Þróstur gagnrýnir aðferðafræði heilbrigðisyrvalda við stuðningsmat sonar síns, en undanfarin ár hefur verið stuðst við svokallað SIS-mat (Support Intensity Scale) til að meta stuðningsþörf fatlaðs fólks í landinu. Svavar var metinn með þrjá af tólf mögulegum í stuðningsþörf. Þróstur fór fram á afhendingu allra gagna sem lúta að mati á syni hans, en var neitað. Það var ekki fyrr en umboðsmaður Alþingis úrskurðaði að Þróstur hefði rétt á að fá gögnin sem hann fékk þau í hendur.

## Mun veikari en matið sýndi

Svavar hefur dvalið á sambýlinu Hólabrekku við Höfn undanfarin fjögur ár. Hann tekur undir áhyggjur föður síns og gagnrýnir aðferðir þroskaþjálfans sem framkvæmdi matið á honum árið 2011.

„Þetta var bara rugl. Hún spurði mig ekki út í neitt nema daginn og veginn í nokkrar mínútur og mér finnst niðurstöðurnar ekki gefa rétta mynd af aðstæðum mínum. Ég er ósáttur við hvernig að þessu var staðið og myndi vilja að það væri gert endurmat á mér,“ segir Svavar. „Ég myndi aldrei treysta mér til að búa einn eins og staðan er í dag. Ég reyndi það í tuttugu ár, inn og út af geðdeildum, og það gekk ekki. Ég ætla að vera hérna eins lengi og ég má.“

## Fannst blóðugur í París

Svavar var handtekinn í Danmörku fyrir að reyna að ræna bensínstöð fyrir um fimm árum. Hann dvaldi í fangelsi fyrir geðsjúka í eitt ár, þar sem hann var greindur með geðklofa, en að sögn Þrastar hafði sú greining aldrei fengist hér heima.

Þegar hann svo losnaði úr fangelsi flaug hann heim til Íslands, en stoppaði stutt. Í Keflavík hoppaði hann upp í næstu vél til London og þaðan til Parísar. „Hann fannst þar á flugvellinum, alblóðugur, rifinn og alveg út úr heiminum. Hann lenti þá í fangelsi í Bretlandi þar sem ég sótti hann og kom með hann heim,“ segir Þróstur. Þetta var fyrir um fjórum árum.

Móðir Svavars var einnig geðklofasjúklingur og eftir ítrekaðar tilraunir tók hún eigið líf um fertugt. Þróstur gagnrýnir einnig aðferðir matsmannsins sem gerði SIS-matið á Svavari, en hann segir ekkert hafa verið spurt út í fjöl-skyldusögu hans.

## Brot á mannréttindum

Anna Egilsdóttir hefur ásamt eiginmanni sínum rekið sambýlið á Hólabrekku undanfarin þrettán ár. Hún gagnrýnir einnig að SIS-matið sé notað á geðfatlaða einstaklinga.

„Þetta gerðist þegar málefni fatlaðra færðust frá ríki yfir á sveitarfélög, því þá byggjast greiðslur úr Jöfnunarsjóði fyrir viðkomandi einstakling á þessu mati. Það er eitthvað sem er mjög umdeilt og hentar að mörgu leyti ekki fólki með geðsjúkdóma,“ segir hún. „Hins vegar dugði það

## Ríkið óskaði eftir heildstæðu matskerfi

Ríkið óskaði eftir heildstæðu matskerfi árið 2009 til að meta stuðningsþörf fatlaðra í landinu og samþykkti að nota SIS-kerfið. Markmiðið var að finna með samræmdum hætti stig þess stuðnings sem einstaklingar með fötlun þarfnast. SIS-matið byggir á mati á stuðningsþörf við viðfangsefni á heimili og utan heimilis og þess sem lýtur að símenntun, starfi, heilsu, öryggi og félagslegri virkni.

Niðurstöður úr grunnúrtaki lágu fyrir í sumarbyrjun 2011 og voru nýttar sem forsenda fyrir úthlutun úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga og þjónustusvæða vegna þjónustu við fatlað fólk fyrir næstkomandi fjárhagsár.

engan veginn fyrir rekstri slíkra heimila eins og hjá okkur og þá þarf sveitarfélagið að bæta við.“

Hún bendir á að ef viðkomandi sjúklingur vill fletjast annað eða Hólabrekku væri lokað þá væri staða einstaklings sem skorar lágt í matinu mjög slæm þar sem stuðningsþörfin væri metin svo lítil. Því væri ólíklegt að sveitarfélög sæktust eftir því að þjónusta viðkomandi.

„Maður sem er metinn með þrjá í stuðningsþörf hefur í raun ekki rétt á þjónustu frá sveitarfélaginu. En það væri enginn í búsetu hjá okkur ef hann þyrfti þess ekki,“ segir hún. „Með þessu er verið að skerða réttindi fólks til að velja sér búsetu. Hvað er það annað en mannréttindabrot?“

Þegar SIS-matið var framkvæmt árið 2011 á öllum sjö vistmönnum heimilisins gerðu Anna og eiginmaður hennar athugasemdir við mat á sex af þeim.

## Hornafjörður vildi ekki hlusta

„Það fékk nánast enga áheyrn,“ segir hún. Endurmat var þó framkvæmt á einum vistmanni en Anna segir þær niðurstöður einnig hafa verið ófullnægjandi. Hún fékk þær upplýsingar frá Greiningarstöðinni að sveitarfélögin væru þau einu sem gætu óskað eftir endurmati.

„Ég reyndi að koma sjónarmiðum mínum á framfæri en sveitarfélagið vildi ekki verða við því,“ segir hún. „Það veit enginn eins vel og við sem þjónustum þessa einstaklinga allan sólarhringinn hver þeirra þörf fyrir umönnun er. Og ég vil bara að það sé á hreinu að kjósi ég einhvern tímann að hætta starfsemi míni vil ég vera viss um að íbúarnir mínir fari í réttar hendur.“

## Ráðuneytið fékk ábendingar

Þór Þórarinnsson, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, segir ráðuneytinu hafa borist ábendingar þess efnis að SIS-matið henti illa fyrir geðfatlaða og hreyfihamlaða einstaklinga.

„Með þessu er verið að skerða réttindi fólks til að velja sér búsetu. Hvað er það annað en mannréttindabrot?“

Anna Egilsdóttir, forstöðukona Hólabrekku

„Það hefur átt sér stað umræða um hvernig SIS virkar á þá sem þjást af alvarlegum geðröskunum,“ segir hann. „Það er alltaf endurskoðað ef ábendingar koma um að matið taki ekki til réttara þátta. Við höfum fengið ábendingar og með þennan hóp sem hefur hvað mestar þarfir á grundvelli geðraskana og hreyfihömlunar.“

Hann segir ákvörðunina um að nota SIS hafa byggt á því að tryggja að fjármunum sé dreift á grundvelli jafnréttis. „Það var það sem við sáum sem afgerandi kost.“

## Vísar gagnrýni á bug

Tryggvi Sigurðsson, sviðsstjóri hjá Greiningarstöð ríkisins, þvertur fyrir að matið nái illa utan um þarfir geðfatlaðra.

„Það liggja fyrir alþjóðlegar niðurstöður um notagildi matsins fyrir þennan hóp. Sú umræða hefur auðvitað komið upp að það henti ekki fyrir geðfatlaða, en rannsóknir styðja það ekki,“ segir Tryggvi. „Kjarninn er að nú erum við fyrst komin með staðlað mats-tæki sem gefur okkur mjög viðtæka og fræðilega niðurstöðu. En þegar verður að deila takmörkuðum fjármunum verða auðvitað alltaf einhverjir ósáttir.“

Hann segir að flest sveitarfélög sem notist við SIS-matið hafi verið ánægð með það en beiðnir um endurmat hafi verið teknar til greina þar sem þær áttu við. „En í flestum tilvikum stóðu þessar niðurstöður fyrir sínu,“ segir hann og bætir við að þegar niðurstöður séu ekki nægilegar séu í flestum tilvikum kallaðir til utanaðkomandi sérfræðingar til að meta einstaklingana sérstaklega.



HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

## Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

LYFJAVER

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN



**HAFBERG**  
fiskbúð sælkerans

LÍNUÝSA  
FISKIBOLLUR  
PLOKKFISKUR  
FISKRÉTTIR

Heitur matur í hádeginu

Opið laugardaga kl. 11-14

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

## Hádegisfundur

# Hvaða áhætta felst í innflutningi á hráu kjöti?

Bændasamtök Íslands boða til hádegisfundar á Hótel Sögu miðvikudaginn 3. apríl, kl. 12:00-13:30, í salnum Heklu á 2. hæð.

### Dagskrá:

Smitsjúkdómastaða íslensks búfjár Vilhjálmur Svansson, dýralæknir á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum

### Innflutt fersk matvæli og sýkingaráhætta

Karl G. Kristinsson, prófessor og yfirlæknir á sýklafræðideild Landspítalans

Umræður í lok erinda. Allir áhugasamir eru velkomnir á fundinn en hádegishressing verður í boði bænda.



# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24  
alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Verkjastillandi + bólgueyðandi

Veldur síður lyfjaáhrifum um  
allan líkamann eins og þegar  
töflur eru teknar inn



**Voltaren**

**100% ÁNÆGJA**  
EÐA ENDURGREIÐSLA!

**Voltaren Gel**  
Voltaren hlaup hefur verkjastillandi og bólgueyðandi áhrif og býr yfir þeim kosti að einungis er þörf á að meðhöndla það svæði líkamans sem veldur verkjum.

**Fullnægjandi verkun eða endurgreiðsla!**  
Frá og með 1. apríl 2013 - 31. júní veitum við fullan skilarétt á Voltaren Gel.  
Ef varan uppfyllir ekki væntingar þína getur þú óþvott endurgreiðda. Nánari upplýsingar eru á baki.

Til að fá lyfið endurgreitt skaltu fylla úr:

1. Fylltu út formið:  
Nafn: \_\_\_\_\_  
Heimili: \_\_\_\_\_  
Póstnr.: \_\_\_\_\_  
Banknr.: \_\_\_\_\_  
Reikningsnr.: \_\_\_\_\_  
Netfang/Símanúmer: \_\_\_\_\_
2. Vinsamlegast útskýrðu ekki væntingar.

**100% ÁNÆGJA**  
EÐA ENDURGREIÐSLA!

Nánari upplýsingar í næsta apóteki.

Gildir frá 1. apríl - 30. júní 2013



**Voltaren** 

Fæst án lyfseðils

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenakvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglimum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með lofþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstaqjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í**

## Námskeið fyrir vinnuverndarfulltrúa

(öryggisverði, - trúnaðarmenn og mannauðsstjóra)

Vinnuvernd ehf. og Mannvit hf. standa fyrir námskeiði sem ætlað er vinnuverndarfulltrúum.

Námskeiðið, sem stendur í tvo daga, fer fram í Reykjavík dagana **16. og 17. apríl** milli kl. 8:30-15:30.

Skráning fer fram á [www.vinnuvernd.is](http://www.vinnuvernd.is)



VINNUVERND ehf.  
vellíðan í vinnu

MANNVIT

Viðurkendir þjónustuaðilar á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum.

# Telur Umferðarstofu gera óhóflegar kröfur

Bifvélavirkjar sem vilja fá réttindi til metanbreytinga á bílum þurfa að fá uppáskrift Umferðarstofu eftir að hafa breytt einum bíl. Erfiðlega gengur að ná í búnaðinn sem þarf til breytinganna án réttindanna. Röng vinnubrögð, segir kennari.

**STJÓRNSÝSLA** Óhóflegar kröfur Umferðarstofu torvela einyrkjum á sviði bifvélavirkjunnar að öðlast réttindi til að setja metanbúnað í bíla. Þetta segir Jón Jónsson bifvélavirki sem ekki hefur fengið slík réttindi viðurkennd þrátt yfir að hafa setið og staðist tilskilið námskeið á bílgreinasviði Íðunnar fræðsluseturs fyrir rúmum tveimur árum.

„Kennararnir sem kenndu okkur í Borgarholtsskóla sögðu okkur að eftir námskeiðið færum við á lista Umferðarstofu sem löggiltir metan- ísetningar- og viðgerðarmenn. En svo þegar á reynir eru kröfurnar svo miklar hjá Umferðarstofu að ekki er hægt að verða við þeim,“ segir Jón.

Hann segir stranda á kröfu Umferðarstofu um að hann setji búnað í bíl og sérfræðingur þeirra taki út verkið að því loknu. „En á meðan ég er ekki á lista Umferðarstofu selja hinir aðilarnir mér ekki metanbúnað. Þannig að þetta er mótsagnakennt hjá þeim.“

Við eftirgrennslan segist Jón hafa fengið þau svör hjá Umferðarstofu að sérfræðingur stofnunarinnar, sem taka á út breytinguna hjá honum, sé ekki sérmenntaður í metanfræðum. „Og það nær ekki nokkurri átt að maður sem ekki hefur réttindi skuli banna mér að vinna við þessa hluti. Svona vitlausar kröfur eru ekki til þess að flýta því að bílaflotanum verði hér breytt yfir í metan.“

Um leið segist Jón hafa spurt að því hvort viðlíka reglur ætti að setja um aðra viðkvæma öryggisþætti í bílaviðgerðum, svo sem um bremsu- eða stýrisviðgerðir, en svo væri ekki. „En það væri alveg eins ástæða til að setja eins reglur um úttekt vegna svoleiðis verkefna. Annars er metanbúnaðurinn ekkert hættulegur í sjálfu sér. Maður þarf bara að vita einhver grunnatriði,“ segir Jón.

Egill Örn Jóhannesson, bílgreina-kennari hjá Íðunni, segist sam- mála því að vinnubrögð Umferðarstofu séu röng þegar kemur að því að viðurkenna réttindi til metan-



**Á BREYTTAN BÍL** Jón Jónsson bifvélavirki segist vilja auka veg metangass í íslenskum samgöngum enda sé þjóðhagslegur ávinningur af því gífurlegur. Hann stendur í stappi við Umferðarstofu um réttindi til breytinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Engar kvaðir vegna kaupa á búnaði

Umferðarstofa segir misskilning að til þess að fá keyptan búnað til metanbreytinga þurfi viðkomandi að vera skráður á lista stofnunarinnar yfir ísetningaraðila sem uppfylla tilskilin skilyrði. Haldi einhver slíku fram sé það hvorki frá Umferðarstofu komið né hafi þeir starfsmenn stofnunarinnar sem hafa með málaflökkinn að gera haft nokkra afspurn af því að söluaðilar geri þess konar kröfur.

**Peir sem hafa hug á að breyta bifreiðum þannig að þær gangi fyrir metangasi þurfa að uppfylla eftirtalin skilyrði Umferðarstofu:**

1. Að starfsábyrgðartrygging sé í gildi.
2. Að upplýsingar um menntun séu fengnar Umferðarstofu í té.
3. Að viðkomandi hafi setið námskeið um hvernig ísetningu metans á að vera háttáð og sé með staðfestingu þess efnis.
4. Að starfsstöð viðkomandi sé tekin út af fulltrúa Umferðarstofu.
5. Að fyrir liggja breytt bifreið sem nýtir metan sem orkugjafa. Þá bifreið er skylt að færa til breytingaskoðunar á skoðunarstöð í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja.

breytinga. Vinnulagið sem viðhaft sé torveldi þeim sem ekki vinni nú þegar á sérhæfðum breytingaverkstæðum fyrir metan að verða sér úti um réttindi. Dæmi Jóns sé ekki einsdæmi, en um þessar mundir láti annar bifvélavirki reyna á það

sama eftir að hafa setið námskeið hjá Íðunni. „Þeir hjá Umferðarstofu hafa alltaf staðið á móti því að farið sé út í þessar breytingar því í einhverjum lögum segir að bannað sé að breyta eldsneytiskerfum bíla,“ segir hann.

ollik@frettabladid.is

# Superkaup.is

Canon myndavélar á tilboði til kl. 24:00, 8. apríl.



Takmarkað magn í boði. 2ja ára ábyrgð. Sendingarkostnaður innifalinn. Borgarís ehf S:5646700

Vísirpa að...  
börn eiga rétt á læknisástoð og heilbrigðisþjónustu.

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

# Spádómar Biblíunnar

Biblían er án efa merkasta bók allra tíma. Hún var rituð á um það bil 1500 árum og er til á flestum heimilum. Hún hefur orðið þúsundum til mikillar blessunar öldum saman.


Átta fyrirlestrar verða haldnir um spádóma Biblíunnar á þriðjudögum og fimmtudögum kl 20:00 í Loftsalnum að Hólshrauni 3, Hafnarfirði (við Fjarðarkaup). Fyrsti fyrirlesturinn verður fluttur fimmtudaginn 4. apríl.

Efnin sem flutt verða eru:

- 4. apr. Spádómar um framgang mannkynssögunnar frá 600 f.Kr. til enda tímans.
- 9. apr. Spádómar um fyrri komu Jesú Krists.
- 11. apr. Hvert er fagnaðarerindi Jesú Krists?
- 16. apr. Spádómar varðandi endurkomu Jesú Krists.
- 18. apr. Boðskapur upprisú Jesú Krists.
- 23. apr. Mannréttindum ógnað?
- 25. apr. Spádómur um hrun Sovétríkjanna.
- 30. apr. Loforð Biblíunnar um nýjan himinn, nýja jörð og eilíft líf.

Björgvin Snorrason, PhD, guðfræðingur og kirkjusagnfræðingur flytur fyrirlestrana. Hann hefur flutt fyrirlestra á Íslandi og víðar um þessi efnin í mörg ár.

Aðgangur er ókeypis - gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða



Tími endurkomu Krists er í nánd



**LEITAD** Björgunarsveitarmenn og hundar leituðu lífsmarks alla helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gullnámuvrakamenn í Tíbet: Lífslíkurnar nánast engar

**TÍBET, AP** Yfirvöld í Tíbet segja líkurnar á því að finna einhvern á lífi í gullnámunni í Tíbet mjög litlar. Jarðvegsskriða lokaði 83 námuvrakamenn inni í námunni á föstudaginn langa. Nú þegar hafa tæplega 40 lík fundist.

Hjálp var lengi að berast mönnum en stórvirkar vinnuvélar grafa nú grjót og aur frá mynni námunnar.

Yfirvöld eiga enn eftir að rannsaka orsök skriðunnar en ríkisfjölmiðlar í Kína segja hana vera náttúruhamfarir.

- bpb



#### 4-5 KAUPHALLARDAGAR ARION BANKA

APR Skráð félög í Kauphöll Íslands og félög sem hyggja á skráningu fara yfir stöðu og horfur

#### 12 SPROTAPING ÍSLANDS

APR Sprotafyrirtæki kynna sig fyrir fjárfestum og íslensku atvinnulífi

#### 5 EFNAHAGSHORFUR – STYKKISHÓLMUR

APR Morgunfundur greiningardeildar um efnahagshorfur 2013–2015

#### 16 GREIÐSLUR ÚR LÍFEYRISSPARNAÐI

APR Fræðslufundur um það sem hafa ber í huga varðandi greiðslur úr lífeyrissparnaði

#### 9 AÐ SETJA SÉR MARKMIÐ Í SPARNAÐI

APR Fræðslufundur þar sem Breki Karlsson fjallar um sparnað frá öllum hliðum

#### 17 EFNAHAGSHORFUR – REYKJAVÍK

APR Morgunfundur greiningardeildar um efnahagshorfur 2013–2015

#### 10 FJÁRFESTINGAR Í ATVINNULÍFINU

APR Arion banki og viðskiptanefnd FKA bjóða til fundar um fjárfestingar

## VIÐBURÐADAGATAL ARION BANKA

Við hjá Arion banka bjóðum fjölbreytt úrval af námskeiðum, fyrirlesturum og ráðstefnum þér að kostnaðarlausu.

Hér að ofan eru nokkrir af viðburðum aprílmánaðar. Alla viðburði, nánari upplýsingar og skráningu er að finna á [arionbanki.is/vidburdadagatal](http://arionbanki.is/vidburdadagatal)

Hlökkum til að sjá þig.



## Hjálparstarf kirkjunnar

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fjölbreytta aðstoð á Íslandi. Við hjálpar til sjálfshjálpar.

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann **907 2002**, gefa framlag á **framlag.is**, **gjofsemgefur.is** eða á söfnunarreikning **0334-26-886**, kt. 450670-0499.

**Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn.** Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.



www.help.is

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400

Ekkert gengur að vísa Abu Qatada úr landi:

## Framsál klerks bannað

**LONDON, AP** Breskum stjórnvöldum hefur enn einu sinni mistekist að vísa hinum herskáa íslamska klerki Abu Qatada úr landi. Bresk yfirvöld hafa reynt að framselja hann til Jórdaníu frá árinu 2011 en þar var hann sakfelldur fyrir skipulagningu á hryðjuverkum árin 1999 og 2000.

Í nýjasta dómsmálinu vegna framsalskröfunnar féllst breskur dómur að röksemdir verjanda Qatadas sem



ABU QATADA

hélt því fram að skjólstaðingur sinn gæti orðið fyrir pyntingum í Jórdaníu.

Qatada hefur verið lýst sem lykilmanni í hryðjuverkasamtökunum al-Kaída í Evrópu með tengsl við Osama bin Laden. Þá telja bresk stjórnvöld að hann hafi á sínum tíma verið í sambandi við Zacarias

Moussaoui, sem tók þátt í skipulagningu hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 11. september 2011.

Frekar heima en í banka:

## Milljarðar í rúmdýnum

**SVÍPÍÓÐ** Svíar geyma 18 milljarða sænskra króna í rúmdýnum sínum, eða rúmlega 340 milljarða íslenskra króna. Niðurstöður nýrrar könnunar á vegum Forex bank sýna að sex af hverjum tíu Svíum varðveita reiðufé sitt heima.

Alls geyma 30 prósent að minnsta kosti 1.000 sænskar krónur heima og tuttugasti hver geymir 20.000 sænskar krónur heima í stað þess að nýta sér þjónustu banka til þess að varðveita féð.

Spennan á Kóreuskaga eykst er norðanmenn lýsa stríðsástandi milli ríkjanna:

## Allur máttur í smíði kjarnavopna

**NORÐUR-KÓREA, AP** Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa brugðist illa við heræfingum Bandaríkjanna og Suður-Kóreu og viðskiptaþvingunum Sameinuðu þjóðanna. Hótanir um beitingu kjarnavopna gegn sunnanmönnum og Bandaríkjunum heyrast nú nánast daglega að norðan.

Leiðtogi Norður-Kóreu, Kim Jong-un, kallaði þjóðþingið saman í gær og lýsti því yfir að nú væri allur máttur ríkisins settur í að smíða kjarnavopn og viðhalda efnahag landsins. Ástæðuna segir hann vera stærð herliðs Bandaríkjanna handan landamæra í suðri.

Stríðsgreinendur segja þó áráð að norðan ólíklega því harka Norður-Kóreu sé frekar bragð til að fá nýja ríkisstjórn í Suður-Kóreu til að beita mýkri aðgerðum gegn sér. Þá sé verið að reyna að hafa betur í diplómátskum viðræðum við Bandaríkin og festa nýjan og ungan leiðtoga Norður-Kóreu betur í sessi.

Á laugardag tilkynntu stjórnvöld í Pjongjang, höfuðborg Norður-Kóreu, að stríðsástand ríkti í samskiptum ríkjanna á Kóreuskaga. Í tilkynningu frá ríkisfréttastofunni var sagt að allar ögranir á



**LEIÐTOGINN** Kim Jong-un greiðir eigin tillögu atkvæði í norðurkóreska þinginu á laugardag.

landamærum ríkjanna myndu nú leiða til átaka og beitingar kjarnavopna.

Vopnahlé hefur ríkt milli ríkjanna tveggja í tæp 60 ár en Kóreustríðinu lauk um mitt ár 1953. Síðan hafa samskipti ríkjanna verið verulega stíð. Bandaríkjamenn hafa jafnframt haft fast herlið í Suður-Kóreu frá stríðslokum.

„... þingmaður og svarið er?“

Fundur ÖBÍ um **kjör** öryrkja verður **haldinn laugardaginn 13. apríl frá kl. 14.00–16.30 á Hilton Reykjavík.**

Frambjóðendur munu svara spurningum. Sendu inn þína spurningu fyrir 3. apríl á [www.obi.is](http://www.obi.is).



**ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS**

## Hvernig er hægt að endurbyggja heilbrigðiskerfið?

Opinn fundur á Grand Hótel miðvikudaginn 3. apríl

Læknafélag Reykjavíkur, Læknafélag Íslands og læknaáð Landspítalans efna til opins fundar um stöðu heilbrigðismála í aðdraganda þingkosninga á **Grand Hótel miðvikudaginn 3. apríl frá kl 16:30 til 18:30.**

Heilbrigðismál og bág fjárhagsstaða sjúkrahúsa er eitt alvarlegasta vandamálið sem brennur á þjóðinni og mun staða heilbrigðiskerfisins vega þungt í komandi kosningabaráttu.

**Þorbjörn Jónsson**, formaður Læknafélags Íslands, setur fundinn.

**Flutt verða þrjú stutt erindi:**

*Hvenær verður heilbrigðisþjónusta að kosningamáli?*

**Sigurður Guðmundsson**, sérfræðilæknir á LSH og fyrrv. landlæknir

*Fjárförf og fjármögnun heilbrigðisþjónustu*

**Kristján Guðmundsson**, formaður samninganefndar sérfræðilækna

*Hver er heimilislæknirinn þinn?*

**Gunnlaugur Sigurjónsson** heilsugæslulæknir

Fulltrúar fimm stjórnsmálaflokka gera grein fyrir stefnu sinna flokka í heilbrigðismálum.

Í lokin verða panelumræður ásamt spurningum og svörum.

Fundarstjóri verður **Steinn Jónsson**, formaður Læknafélags Reykjavíkur

Fundurinn er öllum opin.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS



Færri vilja vera kennarar:  
**Næstum allir komast í námið**

**SVÍPJÓÐ** Áhugi Svía á kennaranámi er svo lítill að næstum því allir sem sækja um komast að, að því er kemur fram í frétt á Dagens Nyheter. Krafist er framhaldsskólaprófs eða svokallaðs háskólaprófs en það geta þeir sem eru með ákveðna reynslu úr atvinnulífinu tekið.

Síðastliðið haust komust 123 inn í kennaraháskóla sem fengið höfðu einkunnina 0,23 á háskólaþrófinu. Ekki er hægt að fá hærri einkunn en 2 á þrófinu. - ibs



**PORSKELDI** Matvælastofnun óskar eftir vottun vegna smitsjúkdóma.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Engir veirusjúkdómar hér:

**Vilja staðfesta heilnæmt eldi**

**FISKELDI** Matvælastofnun hefur óskað eftir staðfestingu frá Eftirlitsstofnun EFTA á að fiskeldi á Íslandi sé laust við blóðþorra (ISA).

ISA er veirusjúkdómur sem er einn helsti skaðvaldur í laxeldi erlendis en hefur aldrei greinst í eldi hérlandis. Áður hefur íslenskt fiskeldi fengið sams konar viðurkenningu fyrir að vera laust við veirusjúkdómana iðradrep (IHN) og veirublæði (VHS).

Aldrei hafa alvarlegir sjúkdómar af veiruuppruna greinst í fiskeldi á Íslandi, sem þykir einstakt á heimsvísu. Þessi staða er mikil hvatning fyrir innlenda kynbótastarfsemi og er íslenskt erfðaefni eftirsótt víða erlendis til áframeldis, segir í frétt stofnunarinnar. - shá

Tvær konur í Malmö:

**Byrðu lyf og rændu tíu menn**

**SVÍPJÓÐ** Tvær konur hafa verið ákærðar fyrir að hafa byrðu minnst tíu karlmönnum lyf og rænt íbúðir þeirra. Konurnar kynntust mönnum á stefnumótasiðu.

Konurnar mættu heim til manna á stefnumót og settu lyf út í kaffi eða aðra drykki þeirra. Þær rændu síðan öllum verðmætum úr íbúðum þeirra og þrifu eftir sig til að skilja ekki eftir fingraför eða önnur ummerki.

Tveir karlmenn hafa einnig verið ákærðir fyrir að aðstoða konurnar, en við yfirheyrslur hafa þær gefið í skyn að mun fleiri konur stundi þessa iðju en þær. Talið er að ránin séu hluti af skipulagðri glæpastarfsemi. - þeb

**UMHVERFISMÁL**

**Sáttmáli um sjálfbærni**

Jón Gnarr borgarstjóri hefur fyrir hönd Reykjavíkurborgar undirritað Nordic Built-sáttmálann en hann hefur það markmið að flyta þróun sjálfbærra byggingaúsna. Undirritun er ekki skuldbinding en hún er yfirlýsing um að borgin ætli að fylgja meginreglum sáttmálans.

MP banki skilaði 251 milljónar króna hagnaði í fyrra en rekstur bankans virðist kominn í gott horf:

**Rekstur MP banka batnaði til muna í fyrra**

**VIÐSKIPTI** MP banki hagnaðist um 251 milljón króna á árinu 2012. Til samanburðar tapaði bankinn 484 milljónum árið 2011 en rekstur bankans virðist hafa batnað til muna í fyrra. Bankinn hefur birt uppgjör sitt vegna ársins 2012.

„Rekstur bankans gengur í alla staði mjög vel og samkvæmt metnaðarfullum áætlunum. Rekstur bankans fyrir skatta og sértækar afskriftir er að skila 742 milljóna króna hagnaði,“ segir Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP banka,

og bætir við: „Á árinu 2012 kynntum við kjörorð okkar „banki atvinnulífsins“ og höfum kappkostað að efla sérhæfingu okkar í bankaþjónustu við meðalstór og lítil fyrirtæki. Okkar hefur verið mjög vel tekið meðal rekstraraðila og samkeppninni í viðskiptabankaþjónustu hefur verið fagnað.“

Í apríl árið 2011 lögðu ríflega 40 nýir hluthafar bankanum til 5,5 milljarða króna í nýtt hlutafé. Tók þá ný stjórn við bankanum og var rekstur hans endurskipulagður í

**735**

milljóna króna munur var á hagnaði MP banka árið 2012 og tapi bankans árið 2011.

kjölfarið. Árið 2012 var því fyrsta heila rekstrarár bankans eftir endurskipulagningu.

Reyndist árið farsælt hjá bank-

anum því hreinar rekstrartekjur ríflega tvöfölduðust milli ára og námu þær 3.995 milljónum árið 2012. Eins og áður sagði nam hagnaður 251 milljón króna en séu sértækar afskriftir teknar út fyrir sviga nam hagnaðurinn 742 milljónum. Jafngildir það ríflega 14 prósentu arðsemi eigin fjár sem þykir ágætt.

Eiginfjárlutfall bankans var 10,8 prósent um áramótin og þá hafði bankinn handbært fé að upphæð 20,3 milljarða króna. - mþl



**BIKINÍ-ÁSKORUN**

**Taktu áskorun og vertu í þínu allra besta formi í sumar. Vertu léttari á þér, léttari í lund, sterkari og flottari!**

**Innifalið í námskeiðinu:**

- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að komast úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Auka æfingaáætlun til að tryggja þátttakendum hámarksárangur
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og aðgangur að uppskriftum frá Ágústu Johnson á lokuðu heimasvæði inni á [www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)
- Sérstakt mataræði sem dregur úr sykurlöngun og stuðlar að því að þú náir varanlegu þyngdartapi
- Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir
- Kvöldstund í Blue Lagoon spa

**Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á [www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)**



Álfheimar 74  
414 4000  
[hreyfing@hreyfing.is](mailto:hreyfing@hreyfing.is)  
[www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)

Aldrei fleiri Íslendingar í háskólanámi:

## Námssmannabólan

Um aldamótin var næstum helmingur Íslendinga án framhaldsmenntunar en í dag er um þriðjungur Íslendinga einungis með svokallað grunnskólapróf. Fólki með háskólamenntun hefur fjölgað álíka mikið á þessu tímabili og í dag hafa aldrei fleiri Íslendingar verið skráðir í nám í háskóla. Þetta hljóta að teljast frábær tíðindi.

Nærri tuttugu þúsund Íslendingar eru í háskólanámi. Stærsta einstaka námsgreinin er viðskiptafræði en oft hefur verið rætt um að atvinnuhorfur fyrir viðskiptafræðinga geti verið tví-sýnar. Næstfjöldmennasta námsgreinin er lögfræði og nú má lesa í fréttum um atvinnuleysi meðal nýútskrifaðra lögfræðinga.

Af þessum tuttugu þúsund háskólanemum eru yfir þrettán þúsund að reyna að næla sér í bakkalárgráðu, yfir fjögur þúsund eru í meistaranámi og yfir fimm hundruð eru í doktorsnámi. Einhverjir eru svo í ýmsu diplómanámi á háskólastigi. Konur eru fjölmennari en karlar á öllum stigum háskólanáms. Þannig eru konur rúmlega þrjú hundruð af þeim fimm hundruð sem stunda doktorsnám.

Síðustu ár höfum við lengt nám hjá hinum ýmsu fagstéttum hér á landi. Þannig tekur það kennara nú fimm ár að fá tilskilin réttindi en það tók áður þrjú ár. Sömu sögu er að segja um leikskólakennara. Þetta er gert að fyrirmynd þeirra landa sem við helst viljum miða okkur við. Einhverjir hafa nefnt að þetta sé nú helst til mikil fjárfesting til að hún geti borgað sig. Kennarar og leikskólakennarar eru ekki hátt launaðir en langt nám krefst hárra námslána hvað framfærslu varðar og oft betra að einhver gulrót sé til hvatningar. Því að þótt námið sjálft kosti lítið þá getur framfærslan hlaupið á milljónum á fimm árum.

Nám er mikil fjárfesting bæði hvað tíma og fjármuni varðar. Lengi var háskólanám ávísun á að tilheyra efri lögum millistéttarinnar hér á Vesturlöndum. Þetta var fjárfesting sem í flestum tilfellum borgaði sig fjárhagslega. Nú er hins vegar farið að ræða í fullri alvöru hvort þessi gifurlega fjölgun háskólanema geti verið vísbending um einhvers konar bólu. Sem geti þá hreinlega sprungið eins og hver önnur fasteignabóla.

Í Bandaríkjunum er einmitt rætt um þessa bólu nú út frá efnahagslegum forsendum. Þeir háskólanemar sem nú skuldetja sig fyrir hærri og hærri skólagjöldum, auk framfærslu, munu hugsanlega ekki finna nógu hátt launaða vinnu til að geta borgað námslánaskuldir sínar. Sú bóla er sögð minna óþægilega mikið á lánabóluna fyrir hrun.

Á Íslandi borgar námsmaður fyrst og síðast eigin framfærslu og getur fengið hana að láni. Háskólarnir hér á landi rukka sumir skólagjöld en þau verða að teljast lág. Ríkið fjármagnar alla íslenska háskóla að hluta eða öllu leyti. Til dæmis keppa þrír háskólar við að útskrifa lögfræðinga í það atvinnuleysi sem bíður þeirra.

Þetta ástand er hvorki gott fyrir nemana sjálfa, ríkið sem borgar hluta brúsans né atvinnulífið. Nú er til dæmis eftirspurn eftir fólki með tækninám að baki. Það væri vel athugandi að hafa hvata í kerfinu svo háskólarnir gætu svarað eftirspurn atvinnulífsins hverju sinni.

Rétturinn til náms er mikilvægur en það er gott að staldra aðeins við og athuga hvort við séum á réttri leið. Það er engu samfélagi hollt að útskrifa fólk úr ríkisstyrktum háskólum sem á ekki von á góðu þegar komið er út í atvinnulífið.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Orðræðustuldur

Þórður Björn Sigurðsson, oddviti Dögunar í Reykjavíkurborgardæmi syðra, bloggar á DV. Í nýjasta bloggi sínu gerist hann ægilega skúffaður út í DV og sakar blaðið um að ætla að „stela orðræðunni“ í aðdraganda alþingiskosninganna. Og hvernig ætlar blaðið að gera það? Jú, með því að gefa Þórði og fleirum færi á að svara alls kyns spurningum og birta svo svörin á vefnum. Vandamálið er hins vegar að spurningarnar eru ekki nákvæmlega þær sem Þórður vill fá sendar. Hann vill vera

spurður um afnám verðtryggingar og afskriftir húsnæðisskulda, en fær ekki. Er nema von að hann sé pirraður? Þetta er mikið óréttlæti.

#### Ógn við lýðræðið

Því að hvernig á Dögun annars að koma þeim skilaboðum á framfæri til kjósenda að hún sé hlynnt almennri skuldaniðurfærslu og afnámi verðtryggingar ef flokksmenn fá ekki að ráða því hvað fjölmiðlar spyrja um? Það er næsta

ómögulegt. Og á meðan liggja þessi stóru kosningamál í láginni. Hvað segir fjölmiðlanefnd við þessu?

#### Mikið mas

Ásbjörn Óttarsson talaði lengst allra á nýafstöðnu þingi, eins og fram kom í Morgunblaðinu um helgina – samtals í 1.692 mínútur. Það eru rúmar 28 klukkustundir og jafngildir því að hann hafi talað í tuttugu mínútur á hverjum einasta þingdegi í vetur. Það er hægt að segja óskaplega mörg orð á öllum þeim tíma, en gott væri ef þau hefðu skilið eitthvað eftir sig. stigur@frettabladid.is

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Skynsöm þjóð

### STJÓRN MÁL



Höskuldur Þórhallsson alþingismaður og skipar 2. sætið á lista Framsóknarflokksins í Norð-austurkjördæmi

Hljómgrunnur við stefnu Framsóknarflokksins virðist flækjast verulega fyrir leiðarahöfundum Fréttablaðsins. Fjallað hefur verið um tillögur Framsóknarflokksins sem útópi og fullyrt að „sölumennska“ flokksins virðist greinilega ganga í hinn almenna kjósenda. Framsóknarflokkurinn sé „óvinur nr. 1“ og að tillögur okkar séu óraunhæfar og óábyrgar.

Pistlarnir koma okkur ekkert sérstaklega á óvart. Þegar við lögðum fram tillögur um leiðréttingu lána á vordögum ársins 2009 birtust sams konar pistlar í blaðinu þar sem tillögurnar voru kallaðar svipuðum nöfnum. Tillögur sem flestir eru nú sammála um að voru raunhæfar, sanngjarnar og til þess fallnar að skapa sátt í samfélaginu.

Leiðararnir eru einnig í sömu veru og við þurftum endalaust að búa við í baráttunni gegn því að Icesave-samningarnir yrðu samþykktir. Því var fylgt eftir með fréttaplutningi um að hitt og þetta myndi gerast ef Alþingi myndi ekki staðfesta samningana. Fréttir um hugsanlegar afleiðingar sem enga stoð áttu sér í raunveruleikanum og tók okkur oft margar vikur að leiðrétta fyrir þjóðinni.

Tillögur okkar eru í þeim anda sem við höfum talað fyrir síðastliðin fjögur ár. Við höfum bent á þann forsendubrest sem varð við fall gömlu bankanna og nauðsyn þess að

→ Tillögur okkar eru í þeim anda sem við höfum talað fyrir síðastliðin fjögur ár. Við höfum bent á þann forsendubrest sem varð við fall gömlu bankanna.

taka á vögunarsjóðnum, sem hafa hagnast gríðarlega á skulddettum heimilum landsins. Við höfum líka talað fyrir því að koma á sanngjörnu lánaþyrirkomulagi á Íslandi þar sem áhættan skiptist jafnt á milli lántaka og lánveitanda. Þar skiptir afnám verðtryggingarinnar miklu. Við teljum að það sé raunhæft að breyta þessu þyrirkomulagi og að þannig verði Ísland best rekið til framtíðar.

Í Icesave-málinu gerðum við okkur grein fyrir því að almenningur væri skynsamur og vel til þess búinn að setja sig inn í flókin deilumál. Hann væri líka fær um að kynna sér mismunandi rök og beita gagnrýnni hugsun til að móta sér afstöðu. Tillögur okkar eru einmitt settar fram með það að markmiði að þær séu skoðaðar, gagnrýndar og metnar. Sú afstaða leiðarhöfundar Fréttablaðsins laugardaginn 16. mars sl. að „veruleikafirring“ þjóðarinnar sé ástæða þess að tillögur okkar hljóti hljómgrunn er því miður ódýr afgreiðsla á annars vel menntaðri og vel meinandi þjóð.

## Vertu með í kvennaleikfimi!

Góð leikfimi fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og líða betur.



• Þrisvar í viku, mán., mið. og fös. kl. 16:30  
Hefst 5. apríl. Þjálfari: Inga María.  
Verð kr. 14.900.

• Tvisvar í viku, þri. og fim. kl. 10:00  
Hefst 4. apríl. Þjálfari: Árnýs Hulda.  
Verð kr. 12.900



Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010  
www.heilsuborg.is

# „Heilbriggt“ kynlíf...

**HEILSA**

**Teitur Guðmundsson**  
læknir



Þegar við veltum fyrir okkur hvað það er að stunda heilbriggt kynlíf getur ýmislegt komið upp í huga fólks. Sumir kynnu að velja fyrir sér praktík, aðrir að horfa til sjúkdóma og örugglega margir sem horfa til þess að það sé gert með samþykki beggja aðila og á jafnræðisgrundvelli. Nýleg mynd í leikstjórn Páls Óskars Hjálmtýssonar, Fáðu Já!, var sýnd við góðar undirtektir í skólum landsins og í sjónvarpi. Þar var beitt annarri nálgun en hefðbundni er í kynfræðslu til yngri kynslóðarinnar og sérstaklega var tekið á mörkum kynlífs og ofbeldis, sem þótti takast með miklum ágætum.

Það er staðfest sem okkur hefur lengi grunað, þ.e.a.s. að íslenskir unglingar byrji tiltölulega snemma að stunda kynlíf í samnám við önnur lönd, eða í kringum 15 ára aldur. Þá er það áhyggjuefni að kostnaður við kaup á getnaðarvörn eins og smokknum hindri unglingana í því að nota slíkar sjálf-sagðar varnir. Þeir eru feimnir við að biðja um pening fyrir slíku hjá foreldrum sínum og má ljóst vera að of oft eru stunduð kynmök án varna sökum þessa. Það er ekkert launungarmál að tíðni kynsjúkdóma er hæst í aldurshópnum 15-25 ára og hefur lengi verið svo, alvarlegir sjúkdómar leynast þarna á meðal og geta haft veruleg áhrif á framtíð ungs fólks. Þar nægir að nefna mögulega ófrjóssemi hjá

konum af völdum klamydíusýkingar, en alvarlegri sjúkdómar eins og HIV og lifrabólga smitast einnig við kynlíf og geta verið óafturkræfir.

Fjöldi tilfella af klamydíu á Íslandi er einna hæstur í heimi og er ekki ljóst hvers vegna það er. Sumir telja okkur fara óvarlegar og eiga fleiri rekkjuna, aðrir segja að gott aðgengi sé að slíkri skoðun, umræðan hefur verið virk og prófíð er ókeypis. Hvað sem rétt reynist erum við að greina of marga á hverju ári. Ríflega 2.000 greiningar eru á hverju ári og hefur þeim farið fjölgandi undanfarin ár samkvæmt tölum landlæknis. Hið sama gildir um tíðnitölur lekanda og HIV, en sársótt stendur í stað yfir tilkynningarskylda sjúkdóma. Þetta er met sem ekki er hægt að vera stoltur af sem Íslendingur.

Þetta eru ekki nýjar fréttir en það sem kannski stingur mann mest er að samskipti milli foreldra og unglinga virðast ekki nægjanlega góð, upplýst umræða á heimilinu virðist vera undantekning frekar en regla og þurfum við að finna leið til að breyta því. Í því samfélagi sem við lifum í dag virðast enn þrífast verulegar ranghugmyndir um nær alla þá þætti sem snúa að kynlífi, kynheilbrigði og mörkum ofbeldis, þrátt fyrir gnótt upplýsingaflæðis á veraldarvefnum og í internetvæddum sínum ungmenna nú til dags. Það er því ekki hægt að bera við skorti á möguleikum til að fræðast. Vefsíður hafa þar leikið ákveðið hlutverk og markviss kynfræðsla fer fram í skólum og í gegnum sjálfbodavinnu læknanema, Ástráð, svo eitthvað sé nefnt. En betur má ef duga skal!

Mér sem lækni finnst stundum

að fræðslan og umræðan snúist fyrst og fremst um ótímabæra þungun og að okkur beri að koma í veg fyrir slíkt. Ósjaldan kemur móðir með dóttur sína til að biðja um pilluna, en hún ver einstaklinginn nákvæmlega ekkert gegn kynsjúkdómi. Mögulegt er að hún yti kannski frekar undir minni notkun smokka og þar með aukna smit-hættu. Hér er auðvitað fræðsla lykilatriði og hlýtur að stærstum hluta að falla á herðar foreldra. Nú hef ég ekki neinar nýjar tölur um notkun getnaðarvarnapillunnar hér í samanburði við lönd í kringum okkur en það væri fróðlegt að vita hvort við eigum líka met í þeirri notkun. Það má telja líklegt.

En hver er þá niðurstaðan? Að mínu viti er hún margþætt. Í fyrsta lagi þarf að bæta aðgengi að getnaðarvörnum eins og smokkum, skoða þarf kynfræðslu í skóla og endurmeta hana í samvinnu við nemendur og foreldra. Það ætti að skylda foreldri til að taka svipuð námskeið, enda ekkert sem segir til um hæfni foreldra til að miðla upplýsingum í raun, hvað þá heldur að þeirra eigin reynsla sé endilega til þess fallin að geta veitt leiðbeiningu. Þetta ætti því ekki að vera neitt feimnismál. Nýleg lög um bólusetningu barna við HPV-veiru er stórt skref í kynheilbrigði og virðingarvert á niðurskurðartímum en betur má ef duga skal. Við erum því líklega öll sammála að kynlíf er eitthvað stórkostlegt og ef vel tekst til eykur það sjálfstraust, vellíðan og almenna hamingju þeirra sem þess njóta. Því ætti að hvetja til þess en að sama skapi uppfræða um hætturarnar.

Heilbriggt kynlíf hlýtur að verða mottó okkar allra!

# Ný nálgun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla felur í sér umfangsmikla og tímafreka vinnu sem reynist mörgum litlum og meðalstórum fyrirtækjum þungur baggi fjárhagslega, auk þess sem virði endurskoðunaráritunar fyrir slíka aðila er ekki alltaf augljóst.

**FYRIRTÆKI**



Þorvarður Gunnarsson  
forstjóri  
Deloitte ehf.

→ Stærðarmörkin sem eru í gildi í dag eru í mörgum tilfellum óraunhæf og leggja kvaðir á minni fyrirtæki um nauðsyn þess að láta framkvæma ítarlega endurskoðun...

Á síðustu misserum hafa gagnrýnisráddir lítilla og meðalstórra fyrirtækja sífellt orðið háværari varðandi þau stærðarmörk sem í gildi eru og skera úr um hvort ársreikningur fyrirtækis sé endurskoðunar-skyldur eða ekki. Stærðarmörkin sem eru í gildi í dag eru í mörgum tilfellum óraunhæf og leggja kvaðir á minni fyrirtæki um nauðsyn þess að láta framkvæma ítarlega endurskoðun, þrátt fyrir að um lítinn og einfaldan rekstur sé að ræða.

Nýverið tóku ný lög gildi í Danmörku sem kveða á um að fyrirtæki innan ákveðinna stærðarmarkna þurfi ekki að láta framkvæma hjá sér fulla endurskoðun, heldur er nóg fyrir þau að láta gera ítarlega könnun á ársreikningi sínum. Í nýju lögum eru stærðarmörkin rýmkuð verulega frá því sem áður var en í þeim kemur fram að fyrirtæki með 12-50 starfsmenn, tekjur DKK 8-72 milljónir (ISK 184-1.656 milljónir) og eignir DKK 4-36 milljónir (ISK 92-828 milljónir) hafi rétt á að láta framkvæma ítarlega könnun í stað endurskoðunar.

Ítarleg könnun gefur ekki sömu fullvissu um áreiðanleika ársreikningsins og endurskoðun en hún gefur töluvert meiri vissu en kannaður ársreikningur. Þar sem eigandinn í litlum fyrirtækjum er oft og tíðum líka stjórnandi fyrirtækisins ætti ítarleg könnun í flestum tilfellum að vera næg til að hægt sé að treysta að upplýsingar í ársreikningi séu í samræmi við lög og viðeigandi reiknings-skilaaðferðir.

Ákjósanlegt væri að fara sömu leið og farin var í Danmörku, þ.e. að hækka viðmið um lögboðna endurskoðun en gera fyrirtækjum sem ekki eru endurskoðunar-skyld það skylt að ársreikningar þeirra séu vottaðir af endurskoðendum með ítarlegri könnun, sem skilgreind yrði í lögum um endurskoðendur. Samhliða þessu þyrfti að endurskoða stærðarmörk fyrir fyrirtæki sem hvorki þyrftu könnun eða endurskoðun. Stærðarviðmiðanir í Danmörku eiga að mörgu leyti vel við héraðis en ljóst er að leiðir sem þessar kalla á breytingar á lögum um ársreikninga.

# Ódýrt fyrir heimilið

**Ýsuflök og porsflök**  
(roðlaus beinlaus)

**1.390** kr.kg

- Porskhnakkar** ..... 1390 kr.kg
- Ýsuflök rí/bl** ..... 1390 kr.kg
- Porsksteikur rí/bl** ..... 1390 kr.kg
- Kinnar**
- (Nýjar og léttsaltaðar)** ..... 590 kr.kg
- Fiskur í sósu** ..... 1390 kr.kg
- KarrýKósó sósa, Sinneps og graslaukssósa, Hunangs sinnepssósa, Hvítlaukssósa.*

Meðan fiskur er ódýr þá komið þið til með að njóta þess hjá mér. Vonandi styðjið þið þann fisksala sem er að gera mest fyrir ykkur. Þetta snýst jú alltaf um krónur og aura og að sjálfsögðu um þjónustuna og gott hráefni. Við höfum þetta allt saman.  
**Sjáumst eldhress á eftir.**



Hótel, veitingastaðir og mótuneyti.  
Vinsamlegast pantið í síma 777 2002

**Fiskikóngurinn • Sogavegi 3**



# Þúsund dagar til að standa við loforð

Hver einasta langferð byrjar á fyrsta skrefinu og í þessari viku getum við byrjað þúsund daga ferð til móts við nýja framtíð.

Fimmta apríl verða þúsund dagar þangað til tímamörkunum verður náð sem voru sett til þess að ná svokölluðum þúsaldarmarkmiðum um þróun. Þau eru umfangsmesta og árangursríkasta áttak í að uppræta fátækt sem um getur í sögunni.

Fleiri leiðtogar en nokkru sinni komu saman til fundar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna árið 2000 við upphaf nýrrar aldar og nýrrar þúsaldar. Þeir ákváðu að byrja 21. öldina með fyrirheiti um að minnka sárustu fátækt og hungur í heiminum um helming, berjast gegn loftslagsbreytingum og sjúkdómum; takast á við skort á vatni og hreinlæti; auka menntun og tækifæri stúlkna og kvenna.

Þetta var ekki í fyrsta skipti sem stjórnmalaleiðtogar höfðu gefið hátíðleg loforð. Gárungarnir spáðu því að þessi háleitu markmið myndu fljótt gleymast. Þvert á móti hafa þúsaldarmarkmiðin orðið hvarfing til þess að fylkja liði um raunhæfar aðgerðir með framúrskarandi góðum árangri.

Á síðustu þrettán árum hafa 600 milljónir manna losnað úr gildru sárustu fátækta og hefur hinum fátækustu því fækkað um helming. Metfjöldi barna gengur nú í grunnskóla og er fjöldi stúlkna og drengja jafn í

## PRÓUNAR- AÐSTOD



Ban Ki-moon  
frankvæmda-  
stjóri Sameinuðu  
þjóðanna

fyrsta skipti í sögunni. Mæðra- og barnadauði hefur minnkað. Hnitmiðaðar fjárfestingar í baráttunni gegn mýrarköldu, HIV/alnæmi og berklum hafa bjargað milljónum mannlífa. Dauðsföllum af völdum alnæmis hefur fækkað um þriðjung í Afríku á síðustu sex árum.

## Meiri árangur

Það eru líka markmið og viðmið þar sem við verðum að ná meiri árangri. Of margar konur deyja enn af barnsforum, þegar hægt er að bjarga þeim. Of mörg samfélög skortir lágmarkshreinlætisaðstöðu sem veldur því að óhreint vatn verður banvæn ógn. Í mörgum heimshlutum, jafnt hinum auðugustu sem hinum fátækustu, eykst bilið á milli ríkra og snauðra. Of margir eru skildir eftir.

Til þess að ná skjótari árangri þarf alþjóðasamfélagið að stíga fjögur skref núna.

Í fyrsta lagi hraða árangri með klókum og hnitmiðuðum fjárfestingum sem hafa margfeldisáhrif og valda keðjuverkun á öllum öðrum sviðum. Í Afríku er þörf á einni milljón heilbrigðisstarfsmanna til að ná til afskekkustu byggða þar sem konur og börn deyja af völdum sjúkdóma sem ýmist er hægt að koma í veg fyrir eða eru læknanlegir. Auka þarf fjárfestingar í hreinlæti og tryggja almennan aðgang að lágmarksheilsugæslu, þar á meðal fæðingarhjálp, og úrræðum til að

berjast gegn HIV og mýrarköldu.

Einn helsti drifkrafturinn í þeim framförum sem nauðsynlegar eru til að ná þúsaldarmarkmiðunum er jafn aðgangur kvenna og stúlkna að menntun, heilsugæslu, næringu og efnahagslegum tækifærum.

Í öðru lagi ættum við að einbeita okkur að fátækustu ríkjum sem standa hvað höllustum fæti en í þeim býr einn og hálfur milljarður manna. Hungur, átök, gerræði og skipulögð glæpastarfsemi hafa löngum herjað á mörg þeirra ríkja sem eru í þessum hópi og því gengur þeim illa að ná markmiðunum, þótt reynt hafi verið til hins ýtrasta. Mörg hafa ekki uppfyllt eitt einasta þúsaldarmarkmiðanna. Með því að fjárfesta á Sahel-svæðinu, austurodda Afríku og Mið-Asíu getum við hrundið af stað þróun í efnahagsmálum, öryggi og friðaruppbyggingu sem síðan getur undið upp á sig.

## Fjárhagsleg fyrirheit

Í þriðja lagi verðum við að standa við fjárhagsleg fyrirheit. Ekki er hægt að laga fjárlagahalla á kostnað hinna fátækustu og berskjölduðustu. Það er ekki siðferðilega réttlætianlegt og kemur hvorki gefendum né þiggjendum til góða. Þrátt fyrir erfiða tíma hafa mörg ríki sýnt gott fordæmi með því að standa við loforð sín. Ný ríki bætast í hóp þeirra sem veita þróunaraðstoð eftir því sem framþróun þeirra sjálfra leyfir. Við fögnum þessu og hvetjum aðra til að taka sér þetta til fyrirmyndar.

→ Fimmta apríl verða þúsund dagar þangað til tímamörkunum verður náð sem voru sett til þess að ná svokölluðum þúsaldarmarkmiðum um þróun.

Í fjórða lagi ætti þúsund daga markið að vera öllum, frá grasróttinni til ríkisstjórna, hvarfing til að fylkja liði innan hnattrænnar hreyfingar. Okkur ber að beisla kraft nýrrar tækni og samfélagsmiðla en í þeim felast tækifæri sem ekki voru til staðar þegar þúsaldarmarkmiðin voru færð í orð um síðustu aldamót.

Þúsaldarmarkmiðin hafa sýnt að hnitmiðuð markmið geta skipt sköpum í þróunarstarfi.

Þau sameina, fylkja liði og veita innblástur. Þau ýta undir nýsköpun í þágu betri heims.

Árangur næstu þúsund daga getur ekki aðeins reynst þungur á metunum í lífi milljóna manna heldur getur hann einnig skapað slagkraft fyrir áætlanir um hvað taki við eftir 2015 í þágu sjálfbærrar þróunar.

Margt verður ógert. En nú, þegar við lítum til næstu kynslóðar sjálfbærra þróunarmarkmiða, getum við sótt innblástur í þá staðreynd að þúsaldarmarkmiðin hafa sýnt og sannað að með pólitískan vilja að vopni er hægt að uppræta örbirgð og slíkt er meira að segja innan seilingar.

Við skulum gera eins mikið úr næstu þúsund dögum og hægt er og standa við loforð þúsaldarmótanna.

## AF NETINU

### Uppbot við Mývatn?

Svokallað mat á umhverfisáhrifum var marklaust á valdatíma Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. Framleitt af starfsmönnum Landsvirkjunar og öðrum sem voru þóknarlegir. Væri það neikvætt, komu framsóknarkerlingar til skjalanna, Siv Friðleifsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir. Þær völtuðu bara yfir matið, svo einfalt var það. Vegna þessarar fortíðar er marklaust að nota tíu ára gamalt umhverfismat á orkuveru í Bjarnarlagi við Mývatn. Þar þarf nýtt mat, sem er óháð Landsvirkjun og óháð ráðherra hverju sinni. Hugmynd Harðar Arnarsonar forstjóra um notkun tíu ára gamals mats er fráleit og mun valda uppbotum.

<http://www.jonas.is>

Jónas Kristjánsson

## Töfralausnir

Margir virðast halda að í afnámi verðtryggingar sé fólgin kjarabót. Þar á meðal eru t.d. nokkrir verkalýðsforingjar, sem hafa farið mikinn í þessum efnun og borið mjög þungar sakir á aðra félaga sína í verkalýðshreyfingunni. Afnam verðtryggingar tekur mjög langan tíma, það er ekki hægt að láta hana gilda afturvirk. Í dag er sú staða að nánast öll ný íbúðalán sem bankar veita eru óverðtryggð. Lækkðu reikningarnir eitthvað?

<http://www.gudmundur.eyjan.is>

Guðmundur Gunnarsson

GLÆSILEGAR

# HURÐIR

STERKAR OG HLJÓÐEINANGRANDI

-Einfaldar í uppsetningu. Fjölbreytt úrval.



# Birgisson

Ármúli 8 | 108 Reykjavík  
Sími 516 0600 | [www.birgisson.is](http://www.birgisson.is)

Þekking og persónuleg þjónusta

# Óumdeildir gæðayfirburðir\*

# SAMSUNG

\*Sjá nánar súlurit og umfjöllun hér að neðan.

## Samsung Series 9 Notebook

Nýja 9-seríu fartölvan frá Samsung er einstök hönnun þar sem hugað er að hverju smáatriði.

NP900X3C-A02SE

- Intel®Core™ i5 Processor 3317 U (1.70 GHz, 3 MB L3 Cache)
- 13.3" Super Bright 400 nits HD+ LED (1600 x 900) Anti-Glare glampafrír skjár
- 4 GB vinnsluminni
- Intel® HD Graphics 4000 skjástýring
- 128 GB SSD (2 GB system dedicated) harður diskur

Verð: 294.900,-

Tilboðsverð:  
269.900,-



SAMSUNG

Veldu afl, fágun og léttleika.

AÐEINS 1.16 kg.

Þynnsta fartölva í heimi. Hún hefur hlotið mikla athygli og einróma lof gagnrýnenda.

Tölvan er komin í gang með Fast Start tækninni - „sleep mode“- á 1,4 sek. en ræsítími frá grunni er 8,4 sek.

Þjartasti tölvuskjáriinn á markaðnum tryggir að það er ekkert vandamál að vinna utandyra en skjáriinn og lykklaborðið skynja birtuna í umhverfi þínu og aðlaga sig að henni.

Taktu tölvuna með þér hvert sem er, en þessi 13,3" tölva er aðeins 1,16 kg. og hlaðin nýjustu tækni.



SAMSUNG

NP535U3C-A06SE

Ofurþunn og flott fartölva sem hentar fyrir alla daglega notkun. Aðeins 1,49 kg. Fæst einnig silfurlituð.

- AMD A series A6-4455M / 2.1 GHz
- 13.3" HD LED, Anti-Reflective
- 4 GB vinnsluminni
- 500GB harður diskur
- AMD Radeon HD 7470M - 1 GB

Verð: 139.900,-



SAMSUNG


NP540E3C-A03SE

Nett, öflug fartölva með 10 fingra ofurskorpum snertiskjá, 6,7 klst. rafhlöðuendingu, og hlaðin nýjustu tækni. Þessa tölva hentar fyrir alla helstu heimilivinnu – og rúmlega það!

- Intel Core i5 3317M (1,7 GHz 3MB - L3-cache)
- 13,3" LED HD 1366 x 768 (300 nit.) snertiskjár
- Intel HD Graphics 4000 skjástýring
- 6 GB DDR3 vinnsluminni
- 500 GB 5400 rpm + 24 GB SSD harður diskur

Verð: 219.900,-

## Óumdeildir gæðayfirburðir Samsung fartölva



**Samsung tölur eru áreiðanlegustu tölur á markaðnum í dag og bila minnst.**

Þetta kemur fram í áreiðanleikakönnun tölvuviðhaldsfyrirtækisins Rescucom sem birt var á dögum.

Samsung fékk 648 stig í könnuninni en þar kom fram að aðeins 0,7% Samsung tölva í Bandaríkjunum þurfti að þjónusta vegna bilana. Asus var í öðru sæti með 332 stig og Lenovo/IBM í því þriðja með 228 stig.

Aðrir framleiðendur fengu lægri einkunn.

Sjá nánar: Computer Reliability Report 2013 - www.rescucom.com

Fjárfestu í gæðum – það borgar sig alltaf.

SAMSUNG SETRIÐ  
samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

BT

SKEIFUNNI 11 & GLERÁRTORGI

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
AKRANESI  
SÍMI 530 2870

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

KVÍKA

## MERKISATBURÐIR

**1725** Jarðskjálftar við upphaf Heklugoss voru „skelfilegir“ að sögn Hítardalsannáls.

**1902** Fyrsta kvikmyndahúsið í Bandaríkjunum, Electric Theatre, er opnað í Los Angeles í Kaliforníu.

**1982** Argentína gerir innrás á Falklandseyjar og hefur þannig Falklandseyjastríðið.

**1992** John Gotti er dæmdur í ævilangt fangelsi í New York-borg fyrir morð og skipulagða glæpastarfsemi.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÞORVARÐUR ÖRNÓLFSSON**  
Vorsabæ 3, Reykjavík,

lést á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi á skírdag í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 5. apríl kl. 13.00.



**Helga M. Arnardóttir**  
Örnólfur Þorvarðsson  
Garðar Þorvarðsson  
Arnbór J. Þorvarðsson  
og barnabörn.

**Guðlaug P. Kristjánsdóttir**  
Gunnhildur Jónsdóttir



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STEFÁN GUÐMUNDSSON**  
Túni, Flóa,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, á skírdag 28. mars. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 6. apríl kl. 13.30. Jarðsett verður í Hraungerðiskirkjugarði.



**Jóhann Stefánsson**  
Ragnheiður Stefánsdóttir  
Guðmundur Stefánsson  
Hafsteinn Stefánsson  
Vernharður Stefánsson  
Jónína P. Stefánsdóttir  
Bjarni Stefánsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Þórunn Sigurðardóttir**  
Guðjón Á. Luther  
Guðrún H. Jónsdóttir  
Guðfinna S. Kristjánsdóttir  
Auður Atladóttir  
Halldór Sigurðsson  
Veronika Narfadóttir



Útför elskulegrar systur okkar og mágkonu,

**KRISTÍNAR BRAGADÓTTUR**  
Efstalandi 4, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu 16. mars, fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 3. apríl. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Geðhjálp.



**Angela Baldvins**  
Grímhildur Bragadóttir  
Baldur B. Bragason  
Halldór Bragason  
Steingrímur Bragason  
Kormákur Bragason  
Matthías Bragason  
Þorvaldur Bragason

**Stefán Valur Pálsson**  
Haukur Guðlaugsson  
Esmat Paimani

**Sesselja Einarsdóttir**  
Þórdís Pálsdóttir  
Gréta Gunnarsdóttir  
Ólóf Sighvatsdóttir



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVEINBJÖRN EINARSSON**  
fyrirverandi kennari, Hjarðarhaga 26,

lést föstudaginn 22. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 3. apríl, klukkan 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hans er bent á Minningarsjóð Sigurlaugar Margrétar Pétursdóttur, reikn. 512-14-401370, kt. 530511-0140.



**Hulda Hjörleifsdóttir**  
Ingveldur Sveinbjörnsdóttir  
Hjörleifur Sveinbjörnsdóttir  
Ágústa Sveinbjörnsdóttir  
Árný Erla Sveinbjörnsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Jón Sigurðsson**  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir  
Magnús S. Magnússon  
Óssur Skarphéðinsson

**Fjölbreytt úrval legsteina**  
**Frí áletrun og uppsetning**

Sjá nánar á granithöllin.is sími 555 38 88  
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



**Granithöllin**  
Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði  
www.granithollin.is  
Sími 555 38 88

# Ísland getur haft áhrif þrátt fyrir smæð sína

Sýning um hættuna sem stafar af kjarnorkuvopnum verður opnuð í Ráðhúsinu á fimmtudag. Sýningin hefur verið sett upp á yfir 200 stöðum í 24 löndum víða um heim.

Frá stríðsmenningu til friðarmenningar er heiti sýningar sem verður opnuð í Ráðhúsi Reykjavíkur á fimmtudag. Sýningin fjallar um hættuna af kjarnorkuvopnum fyrir öryggi og afkomu mannkynsins og hvaða leiðir hægt er að fara til að þessum vopnum verði endanlega útrýmt.

„Kjarnorkuvopn eru ógn fyrir alla heimsbyggðina. Á sýningunni kemur fram skýr krafa um að við sameinumst um að útrýma þessum vopnum. Einnig er fjallað um aðra hluti sem ógna velferð mannkynsins. Megininntakið er öryggi einstaklingsins. Eins er bent á úrræði og þess vegna fylgir sýningunni ákveðinn vonarboðskapur. Það er hægt að gera eitthvað í máluum,“ segir Eygló Jónsdóttir, formaður Soka Gakkai International, SGI, á Íslandi.

SGI, sem eru alþjóðleg samtök búddista, standa að sýningunni en hún var fyrst sett upp á vegum samtakanna í New York árið 2007. Síðan þá hefur hún verið sett upp á yfir 200 stöðum í 24 löndum, þar á meðal hjá Sameinuðu þjóðunum og í þinghúsinu á Nýja-Sjálandi.

Eygló segir markmið samtakanna með því að setja upp sýninguna vera að styðja þá kröfu að sáttmáli um bann og afvopnun kjarnorkuvopna verði að veruleika fyrir árið 2015. Sýningin sé ekki síst hugsuð til að ná eyrum yfirvalda. „Ég trúir því í einlægni að við



**HUGSJÓNAKONA** „Ég trúir því í einlægni að við getum haft áhrif [...] en ekki með því að þegja,“ segir Eygló Jónsdóttir, formaður SGI á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

getum haft áhrif, þrátt fyrir smæð okkar. Til dæmis væri hægt að lýsa Ísland kjarnorkulaust svæði og það myndi vekja athygli heimsins. Lítil þjóð getur haft mikil áhrif. Við getum gert eitthvað, en ekki með því að þegja.“

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og

menningarmálaráðherra, flytur ræðu við opnun sýningarinnar sem er klukkan 18 á fimmtudag. Sýningin, sem stendur til 14. apríl, er opin á sama tíma og Ráðhúsið. Nemendum og kennurum er sérstaklega boðið að koma á sýninguna. halla@frettabladid.is

## Priðjudagsklassík í Garðabæ

Tónlistarfólk sem tengist Garðabæ kemur fram á nýrri tónleikaröð sem hefst í kvöld.

Priðjudagsklassík í Garðabæ nefnist ný tónleikaröð sem hefur göngu sína í kvöld. Þar koma fram hjónin Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Ármann Helgason klarinettuleikari, ásamt píanóleikaranum Ingunni Hildi Hauksdóttur. Þau flytja tónverk eftir Debussy, Lacher, Copland og Elínu Gunnlaugsdóttur svo fáein séu nefnd.

Næstu tónleikar verða 7. maí og nefnast Söngur án orða. Þá mun sellóleikarinn Sigurgeir Agnarsson leika verk eftir Mendelssohn, Schumann og Previn, við undirleik Nínu Margrétar Grímsdóttur. Priðju og síðustu tónleikarnir verða 4. júní og nefnast Arfleifð Snæju. Þá mun Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran syngja íslensk og erlend sönglög og óperuaríur.

Tónlistarfólkið sem fram kemur tengist Garðabæ á einn eða annan hátt. Aðstandandi tónleikaraðarinnar er menningar- og safnanefnd Garðabæjar en listrænn stjórnandi er Ingibjörg Guðjónsdóttir, sópransöngkona og kórstjóri. Tónleikarnir eru haldnir í Tónlistarskóla Garðabæjar og þeir hefjast klukkan 20. -hp6



**TÓNLISTARFÓLK ÚR GARÐABÆ** Pau Ingunn Hildur Hauksdóttir, Ármann Helgason, Hallfríður Ólafsdóttir og Ingibjörg Guðjónsdóttir koma fram á tónleikaröðinni Priðjudagsklassík í Garðabæ.



Móðir mín, tengdamóðir og amma,

**GUÐRÍÐUR INGVARSDÓTTIR**  
frá Bjalla í Landsveit,  
Einholti 7, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Háteigskirkju miðvikudaginn 3. apríl klukkan 13.00.



**Ingvar Þór Magnússon**  
Þórunn Málfríður Ingvarsdóttir  
Magnús Kári Ingvarsson

**Ingibjörg Hulda Yngvadóttir**



**ÓLÓF ÞORSTEINSDÓTTIR**  
frá Langholti í Flóa,  
Dalbraut 27, Reykjavík,

lést mánudaginn 25. mars á Landspítalanum. Útförin verður frá Hallgrímskirkju föstudaginn 5. apríl kl. 15.00.



**F.h. fjölskyldunnar,**  
Jón Dalbú Hróbjartsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG LILJA GUÐMUNDSDÓTTIR**  
DÚDDÝ  
Kleppsvegi 2, Reykjavík,

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Mörk við Suðurlandsbraut fimmtudaginn 14. mars verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 5. apríl kl. 13.00.



**Bragi Guðmundur Kristjánsson**  
María Anna Kristjánsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Erna Eiríksdóttir**  
Jesús S.H. Potenciano



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BIRNA S. GUÐJÓNSDÓTTIR**

andaðist á dvalarheimilinu Hlíð mánudaginn 25. mars. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 5. apríl klukkan 13.30.



**Katrín Þóroddsdóttir**  
Sæmundur Þóroddsson  
Baldvín Þóroddsson  
Snjólaug Þóroddsdóttir  
Kristín Þóroddsdóttir  
Guðjón Þóroddsson  
ömmu- og langömmubörn.

**Petra Verschuer**  
Þorsteinn Þorsteinnsson  
Kristín Magnadóttir

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## NÝIR HESTAR KEPPA

Hestamót eru haldin víða um land í kringum páska og verða áfram fram á sumar. Skemmtilega öðruvísi mót verður haldið í Sörla í Hafnarfirði í kvöld, svokallað nýhestamót. Þar mega keppendur aðeins keppa á hestum sem aldrei hafa unnið til verðlauna áður.



Er rakastigið of hátt?

## VIFTUR

hljóðlátar og rakastýrðar

## íshúsið

Lausnir til að stýra raka

[www.viftur.is](http://www.viftur.is)



### GIRNILEGUR OG GÓÐUR

CrossFit-rétturinn er fullkomlega samsett máltíð, borin fram á Hot Plate-platta.



# HINN FULLKOMNI CROSSFIT-RÉTTUR

**CULIACAN KYNNIR** Nýr, lostætur CrossFit-réttur á Culiacan uppfyllir hárrétt orku- og næringargildi fyrir góða heilsu og hraustan kropp.

CrossFit-rétturinn er hin fullkomna máltíð samkvæmt CrossFit-fræðum. Þar er ekki einblínt á hitaeningafjölda heldur tryggt að líkaminn fái rétt hlutfall orku- og næringarefna úr fersku og gómsætu hráefni,“ segir Sólveig Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Culiacan, um nýjasta réttinn á matseðlinum.

Rétturinn var þróaður í samstarfi við Evert Víglundsson CrossFit-þjálfara og Fríðu Rún Þórðardóttur næringarfræðing, sem reiknað hefur út nákvæm næringar- og orkugildi réttarins.

„CrossFit-rétturinn samanstendur af grillaðri kjúklingabringu sem framreidd er á Hot Plate-platta með fajitas, baunum, káli, fersku salsa, möndluflögum, guacamole, sýrðum rjóma og sterkri eða mildri sósu. Hann er ljúffengur, hollur og vel útilátinn og gefur þægilega og góða saðningu,“ upplýsir Sólveig. „Rétturinn hefur notið mikilla vinsælda hjá okkur og ljóst er að CrossFit er orðið afar vinsælt hér á landi.“

### FÆRRI KOLVETNI, MEIRI FITU

Evert Víglundsson er yfirþjálfari og einn af eigendum CrossFit Reykjavík í

Skeifunni 8. Hann er þrautreyndur þjálfari og veit vel hvaða mataræði virkar þegar ná á árangri og ástunda heilnæman lífsstíl.

„CrossFit-rétturinn er í anda þess sem við kennum okkar viðskiptavinum í bættu mataræði,“ útskýrir Evert, sem vill sjá fólk minnka kolvetnaskammtinn og auka hlut prótíns og fitu í máltíðum.

„Ofneysla á kolvetnum er að gera hinn vestræna heim of þungan og þreyttan. CrossFit-réttur Culiacan byggir á hlutföllunum 30-40-30; það er 30 prósent fita, 40 prósent kolvetni og 30 prósent prótín. Til hliðsjónar höfum við grunn Zone-matarkúrsins en betrubættum hann með orkuhlutföllum sem virka. Við erum enda alfarið á móti kúrum og skyndilausnum því þær virka ekki og heilbrigðan lífsstíl ástundar fólk árið um kring en ekki eftir hentugleikum í þrjá mánuði á ári.“

Evert leggur áherslu á ferskt, náttúrulegt hráefni og segir mataræði CrossFit svínvirka.

„Að neyta hollrar fitu má líkja við að setja olfu á vél. Án hennar virkar vélin ekki eins vel eða jafnvel stoppar og það sama á við um líkamann.“



### ÁRANGUR MEÐ SÆLKERAFÆÐI

Evert Víglundsson, aðalþjálfari í CrossFit Reykjavík, lagði línurnar í CrossFit-rétti Culiacan.


### UPPLÝSINGAR

Culiacan er á Suðurlandsbraut 4a. Kíktu á matseðil og uppskriftir á [www.culiacan.is](http://www.culiacan.is).



## HJÓLREIÐAR VIÐGERÐIR OG VIÐHALD

Snælandsskóla við Furugrund



### HJÓLIÐ Í DAGLEGA LÍFINU

Allt um samgönguhjólreiðar, léttar viðgerðir og viðhald. Farið verður í grundvallaratriði reiðhjólans og skoðaðar þekktar leiðir til öruggra hjólreiða. Seinna kvöldið verða léttar viðgerðir og viðhald tekið fyrir. Dagskrá.

8. apríl kl. 18:30 – 20:00

Samgönguhjólreiðar, fyrirlestur

**Nýtt**

15. apríl kl. 18:30 – 21:30

Viðgerðir og viðhald

- stilling á stelli - bilanagreining
- sprungið dekk – bremsur - gírar

Verð: 8.500 kr.

### HJÓLAFÆRNI

Öruggari hjólreiðamaður

22. apríl kl. 18:30 – 20:40

Námskeiðið fer fram utanhúss

- stillingar á stelli og létt upphitun á hjóli
- hjólað á stígum – hjólað á 30 km götum

Verð: 4.000 kr.

Innritun og upplýsingar um námskeiðin á vef skólans <http://kvoldskoli.kopavogur.is> í síma 564-1507 frá kl. 19 - 20

NÝTT



VERÐ FRÁ kr. 9.975.-



NÝTT

Heldur heitu í 4 tíma



GLÖS 18 teg.



iittala



Laugavegi 178 • Sími: 568 9955 • Opið, virka daga 12 -18 & laugardaga 12 -16

## Brúðkaups gjafir

Tilvonandi brúðhjón verði velkomin að skrá óskalistann hjá okkur. Öll brúðhjón fá gjöf og lenda í brúðhjónapotti.

Persónuleg og góð þjónusta

**Tékk** [www.tk.is](http://www.tk.is)  
**KRISTALL**



VERÐ FRÁ kr. 24.990.-



Fyrir 12 manns 14. tegundir



HITAFÖT




STELL 20 teg.



SKÁLAR, GLÖS & DISKAR

NÝTT

**MEZINA**  
**ROSEBERRY**  
**Öflugt gegn blöðrubólgu**  
 Virkar innan 24 tíma  
 2-3 töflur fyrir svefn



Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna  
[www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**  
 Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
 Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
 Sölumenn:  
**Jónína María Hafsteinsdóttir**  
**jmh@365.is** s 512 5473  
**Sverrir Birgir Sverrisson**  
**sverrirbs@365.is**, s 512 5432  
**Elsa Jensdóttir**  
**elsaj@365.is** s. 512-5427

**GEFÐU HÆNU**  
 gjofsemgefur.is  
 907 2003



**Hjálparstarf kirkjunnar**



# SKAKKIR Á FJÖLLUM

**HREYFING FYRIR BAKVEIKA** Nú gefst bakveiku fólki kostur á að stunda gönguferðir og léttar fjallgöngur í bakskóla Ferðafélags Íslands.

Fjallgöngur eru kannski ekki það fyrsta sem bakveiku fólki dettur í hug að stunda í frístundum sínum. Nú hefur Ferðafélag Íslands skipulagt bakskóla sem hefur það markmið að standa fyrir gönguferðum og léttum fjallgöngum fyrir bakveikt fólk. Fyrsta gönguferðin er 4. apríl og verður boðið upp á þrjár gönguferðir í viku með liðkandi og styrkjandi æfingum. Hugmyndina má rekja til Páls Guðmundssonar, framkvæmdastjóra félagsins, sem hefur að eigin sögn glímt við bakmeiðslu í 30 ár. „Ég fékk brjóslos síðasta haust og átti að fara í aðgerð en var ekki sérstaklega áhugasamur um það. Læknirinn gaf mér leyfi fyrir rólegum gönguferðum og ég fann strax hvað ég lagaðist í bakinu. Því meira sem ég gekk því betri varð ég í bakinu. Svo fór ég í léttar fjallgöngur og náði ótrúlegum bata á fjórum til fimm mánuðum.“ Verkefnið stendur yfir í þrjá mánuði. Byrjað verður á léttum gönguferðum en í júní verða nokkur vel valin fjöll í nágrenni Reykjavíkur klifin.

Þegar fólk lendir í bakmeiðslum eru algeng og að mörgu leyti skiljanleg viðbrögð að sögn Páls að verða smeykur og vilja hlífa líkamanum. „Stundum nær maður einfaldlega ekki bata með þeim hætti heldur þarf að labba gegnum verkinn. Sjálfur þekki ég þetta sem fyrrverandi knattspyrnumaður og göngumaður til margra ára. Ég fór í fjallgöngu nýlega þar sem bakið á mér logaði fyrstu 10 mínúturnar en svo hvarf verkurinn eftir það. Það er því ekki endilega besta lausnin að hvíla sig heima.“

Páll segir að Ferðafélagið vilji með bakskólanum miðla þessari reynslu áfram en verkefnið gangi líka út á það að nálgast heilbrigðisyrivöld. „Við höfum horft til kollega okkar í Noregi sem hafa aukið mjög samstarf við norsk heilbrigðisyrivöld, þá sérstaklega með forvarnir í huga. Slík samvinna getur sparað ríkissjóði stórfé enda eru fyrirbyggjandi aðgerðir í þessum dúr tiltölulega ódýrar.“

■ [starri@365.is](mailto:starri@365.is)

**AF STAÐ!**

„Það er því ekki endilega besta lausnin að hvíla sig heima,“ segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands.

MYND/STEFAN

**FJALLGÖNGUR FRAM UNÐAN**

Bakveikir stefna á Helgafell, Mosfell, Úlfarsfell og fleiri minni fjöll í sumar.



**SKIN MD Natural Shielding Lotion**

- Unnið úr 100% náttúrulegum efnum án allra aukaeftna
- Sex sinnum áhrifameira enn hefðbundin rakakrem
- Er oliulaust og hentar öllum húðtegundum
- Engin litarefni né ilmefni
- Fyrir líkama, andlit, hendur og fætur

Póstval - vefverslun  
[www.postval.is](http://www.postval.is)

# NORÐURKRILL

NORÐURKRILL er eitt hreinasta og öflugasta form af OMEGA 3-fitusýrum. Unnið úr botnsjávardýrinu krill sem er veitt við ómengað Suðurskautið.

Aðeins þarf 1-2 hylki á dag til að mæta dagsþörfinni og það er ekkert eftirbragð, uppþemba eða magaólga sem oft fylgir inntöku á fiski- og jurtaolium.



## Betri einbeiting og betri líðan

Þegar maður rekur sitt eigið fyrirtæki, er í fullu fjarnámi og á auk þess tvö ung börn, þá skiptir öllu máli að heilinn virki rétt og vel. Ég byrjaði að nota Norðurkrill fyrir fjórum mánuðum og fann nánast strax mun á mér. Einbeitingin varð betri auk þess sem ég varð vör við mjög jákvæð áhrif á lesblinduna hjá mér. Fyrir utan skarpari einbeitingu líður mér allri betur líkamlega og andlega.

Það skiptir mig miklu máli að Omega 3 í Norðurkrill sé hreint og ómengað og eftir að hafa prufað þó nokkuð margar tegundir af Omega 3 olíum get ég fullyrt að Norðurkrill er besta Omega 3 olía sem ég hef notað.

Ég hvet alla þá sem vilja skerpa á minni og einbeitingu að taka inn Norðurkrill. Heilinn í okkur verðskuldar aðeins það besta.

Jóhanna S. Hannesdóttir, þjóðfræðinemi og eigandi Sunnlenska.is

Nánari upplýsingar á [www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)



Fæst flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

# LÆKNADIST AF FÆLNI


Bjargey Ingólfssdóttir kennir fólki að búa til kóngulær úr vír og perlum á handverkskaffi Gerðubergs.

Bjargey var frá unga aldri sjúklega hrædd við kóngulær. Til að komast yfir hræðsluna byrjaði hún að búa til kóngulær og fræðast um þær. Smám saman fjaraði fælnin út og í dag skreyta kóngulær heimili hennar og vinnustofu. Annað kvöld, miðvikudaginn 3. apríl, frá klukkan 20 til 22 mun Bjargey kenna fólki að búa til kóngulær úr vír og perlum á handverkskaffi Gerðubergs. Hún mun einnig greina frá því hvernig hún breytti fælni í einhvers konar aðdáun á þessum fjölhæfa og lífseiga áttætlingi.

„Kóngulóafælnin háði mér töluvert enda er ég náttúruunnandi en gat hvorki sest á þúfu né farið í berjamó,“ segir Bjargey. Upphafið að batanum rekur hún til handverkshátíðarinnar á Hrafnagili árið 2002. „Þemað var torf og ég ákvað að skreyta básinn minn með kóngulóm og vefum,“ segir Bjargey sem varð mjög hissa á hve fólk varð hrifið og ákvað að búa til fleiri kóngulær. Hana hryllti stöðugt við viðfangsefninu og ákvað að fræðast nánar um kvikindin. „Eftir því sem ég lærði meira um kóngulær heillaðist ég meir af þeim. Verk kóngulóarinnar hafa verið mannum innblástur í verklegum framkvæmdum,“ bendir hún á. „Mig langar til að kóngulærnar mínar vekji jákvæðar tilfinningar,“ segir Bjargey og tekur fram að það sé alveg bannað að nota kóngulærnar hennar til að stríða fólki.



**BJARGEY INGÓLFSSDÓTTIR** Kennir fólki að búa til kóngulær úr vír og perlum á Gerðubergi annað kvöld. Hún bendir fólki á að koma með eigin skartgripatangir ef það mögulega getur.



- sg

## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 2312



Sveinn Eyland  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 690 0820



Íris Hall  
Löggiltur fasteignasali



Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson  
Sölufultrúi  
Sími 892 1931



Eggert Mariuson  
Sölufultrúi  
Sími 690 1472



Haraldur Ómarsson  
Sölufultrúi  
sími 845 8286



góðir gestir. Og þeir ætla að spila bæði frumsamið efni og tónlist eftir þekkt tónskáld. Auk þess eru þeir að kynna nýjan geisladisk sem hefur unnið til verðlauna í Brasilíu.“

Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð FÍT, Klassík í Vatnsmýrinni, sem er samstarfsverkefni Norræna hússins og félagsins. Verkefnið er einnig styrkt af Reykjavíkurborg, menntamálaráðuneytinu og brasilíska sendiráðinu í Ósló.

Þess má geta að geisladiskur tvíeykisins, sem verður einnig til sölu við innganginn, hefur nú þegar verið tilnefndur til helstu hljóðritunarverðlauna í Brasilíu.

Tónleikarnir hefjast klukkan átta.

## Notaleg upplifun

TÓNLIST ★★★★★

### Hádegistónleikar í Fríkirkjunni

Píanóleikari: Gerrit Schuil, einsöngur: Sigrún Hjálmtýsdóttir og Sesselja Kristjánsdóttir.

**FRÍKIRKJAN 27. MARS.**

Hádegistónleikar í Fríkirkjunni á miðvikudögum eru sniðugir að því leyti að maður veit aldrei fyrir fram hvað er á dagskrá. Ekki heldur hverjir eru flytjendur, nema auðvitað að Gerrit Schuil sé við píanó. Gerrit er umsjónarmaður tónleikaraðarinnar, hámenntaður og flinkur píanóleikari sem hefur auðgað íslenskt tónlistarlíf árum saman.

Að þessu sinni reyndust söngvararnir vera Diddú og Sesselja Kristjánsdóttir. Diddú er óþarfi að kynna, en Sesselja er einn fremsti mezzó-sópran þjóðarinnar. Hún hefur sérlega völduga rödd sem unaður er að hlýða á.

Í telfni páskanna var dagskráin trúarleg. Fluttir voru átta kaflar úr Stabat mater eftir Pergolesi. Það er stytting á Stabat mater dolorosa, upphafslínu í frægu ljóði frá þrettánda öld. Í ljóðinu er hugleidd þjáning Maríu þegar sonur hennar, Jesús, var krossfestur. Matthías Jochumsson þýddi upphafserindið svo: „Stóð við krossinn mærin mæra / mændi á soninn hjartakæra / Grátin sá, hvar Guðs son hékk.“

Eins og nærri má geta er andrúmsloftið í ljóðinu tregafullt og það hefur orðið mörgu tónskáldinu innblástur. Þetta eru m.a. Vivaldi, Palestrina, Haydn, Gounod, Penderreki, Poulenc, Szymanowski, Arvo Pärt og Verdi. Meira að segja franska svartmetalbandið Anorexia Nervosa hefur samið Stabat mater.

Sumum fannst tónlist Pergolesis, sem var uppi á fyrri hluta 18. aldar, dálítið léttúðug. Hún þótti minna af mikið á óperu, sem er kannski rétt, en hún er engu að síður forkunnarfögur. Léttleikinn eykur sjarma tónlistarinnar. Hann gerir tregann alþýðlegri, á einhvern undarlegan hátt.

Upphaflega er meðspilið fyrir lítinn kammerhóp en hér spilaði Gerrit það í píanóumritun. Það dró auðvitað úr áhrifamætti tónlistarinnar; engu að síður var leikur Gerrits litríkur og hlýlegur. Söngurinn var líka prýðilegur. Diddú var lífleg og akkúrat, sérstaklega eftir því sem á leið. Sesselja söng sömuleiðis

fallega, með miklum tilfinningum og af tæknilegum yfirburðum. Raddir söngkvennanna pössuðu ágætlega saman, þær sköpuðu sannfærandi heildarhljóm sem notalegt var að upplifa. Eftir því var stemningin góð á tónleikunum – það var ágætt að gleyma hversdagsleikanum um stund!

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Fallegur söngur sem varð betri og betri. Píanóleikurinn var vandaður og tilfinningaríkur.



KOMDU Í  
BRIMBORG  
Í DAG

# Notaðir JEPPAR Á TILBOÐI

## JEPPAVEISLA Í BRIMBORG

VORUM AÐ  
BÆTA VIÐ  
BÍLUM!

TRYGGÐU PÉR JEPPA FYRIR SUMARIÐ

Verð frá 3.290.000 kr.

Afsláttur  
allt að 700.000 kr.



NÝLEGIR, **SPARNEYTNIR** FORD KUGA Á  
FRÁBÆRU VERÐI

ÁRGERÐIR 2010-2012, DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR.  
Ford Explorer og Ford Escape jeppar einnig á frábæru tilboðsverði.

Kíktu á  
[notadir.brimborg.is](http://notadir.brimborg.is)  
og finndu bílinn þinn

Komdu í dag

Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16  
á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og  
Tryggvabraut 5 á Akureyri.



Öruggur staður til að vera á

Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndinni í auglýsingunni.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

**SMÁRABÍÓ** PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

STÓRSKEMMILEG ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FÖLSKYLDINGNA MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 3-D OG 2-D.

**HÁSKÓLABÍÓ**

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	5%	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS	5%
I GIVE IT A YEAR	KL. 8 - 10.15	12	QUARTET	KL. 8 - 10.15	12
I GIVE IT A YEAR LÚXUS	KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	12	THE CROODS 2D / 3D ÍSL.TAL	KL. 5.45	L
SAFE HAVEN	KL. 5.30 - 8 - 10.30	12	SAFE HAVEN	KL. 8 - 10.30	12
THE CROODS 3D ÍSL. TAL	KL. 3.30 - 5.45	L	SNITCH	KL. 8 - 10.30	16
THE CROODS 2D ÍSL.TAL	KL. 3.40 - 5.45	L	ANNA KARENINA	KL. 5.15	12
THE CROODS 3D ENSKT TAL, ÁN TEKTA	KL. 5.45 - 8	L	JAGTEN (THE HUNT)	KL. 5.30 - 8 - 10.30	12
BROKEN CITY	KL. 10.10	16	<b>BORGARBIÓ</b>		
IDENTITY THIEF	KL. 8	12	I GIVE IT A YEAR	KL. 8 - 10.10	L
21 AND OVER	KL. 10.30	14	THE CROODS 3D	KL. 5.50	L
FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D	KL. 3.30	L	SAFE HAVEN	KL. 8	12
			IDENTITY THIEF	KL. 5.50	12



**BROS MILD** Krista Hall, Svava Magdalena, Árni Gunnar og Alexandra Bergmann.

# Fatahönnuðir fram tíðarinnar

Hin árlega tískusýning nema á öðru ári í fatahönun við Listaháskóla Íslands fór fram á miðvikudagskvöldið. Fjölmargir lögðu leið sína á efstu hæðina í turninum við Höfðatorg, þar sem tískusýningin fór fram, enda spennandi að fylgjast með upprennandi fatahönnuðum láta ljós sitt skína.

**mid.is** LAUGARÁS BÍÓ

Miðasala og nánari upplýsingar

www.laugarasbio.is  
-bara lúxus sími 553 2075

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
I GIVE IT A YEAR	6, 8, 10
SNITCH	10.15
THE CROODS 3D - ÍSL. TAL	4, 6
THE CROODS 2D - ÍSL. TAL	4
THE CROODS 3D - ENS. TAL	8 - ÓTEXTUÐ
IDENTITY THIEF	10
FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D	4

**SAMBÍÓTIN**

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM

Á TOPPNUM Í 30 ÁR

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á [SAMBIO.IN](http://SAMBIO.IN)

**ÓFEIGUR gengur aftur**

**THE CROODS**

**JACK THE GIANT SLAYER**

**DEAD MAN DOWN**

**OZ: THE GREAT AND POWERFUL**

**PRÍÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG**

GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR


SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	KL. 5:50 - 8 - 10:10	ÓFEIGUR GENGUR AFTUR
JACK THE GIANT SLAYER 3D	KL. 8 - 10:30	JACK THE GIANT SLAYER 3D
JACK THE GIANT SLAYER VIP	KL. 5:30 - 8 - 10:30	DEAD MAN DOWN
THE CROODS 3D	KL. 5:50	OZ: GREAT AND POWERFUL 3D
THE CROODS 2D	KL. 5:50 - 8	OZ: GREAT AND POWERFUL 2D
DEAD MAN DOWN	KL. 5:40 - 8 - 10:20 - 10:40	THE CROODS 3D
OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D	KL. 5:20 - 8	FLIGHT
FLIGHT	KL. 10:10	
<b>KEFLAVÍK</b>		<b>KRINGLUNNI</b>
ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	KL. 8 - 10:10	ÓFEIGUR GENGUR AFTUR
JACK THE GIANT SLAYER 3D	KL. 8	JACK THE GIANT SLAYER 3D
SNITCH	KL. 10:20	DEAD MAN DOWN
THE CROODS 3D	KL. 5:50	OZ: GREAT AND POWERFUL 3D
ÓSKUBUSKA Í VILLA VESTRINU	KL. 6	ÓFEIGUR GENGUR AFTUR
		JACK THE GIANT SLAYER 3D



**LÉTU SIG EKKI VANTA** Anita Árnadóttir, Bergþóra Vigfúsdóttir og Aðalheiður Óskarsdóttir.



**STILLTU SÉR UPP** Björg Gunnarsdóttir og Arndís Löwe.



**Á TÍSKUSÝNINGU** Einar Geirsson og Anna Margrét Gunnarsdóttir.



**SPENNT** Arnar Hannes Gestsson, Anna Ólafsdóttir, Aron Snær Arnarsson, María Kristín Bjarnadóttir og Sara Arnarsdóttir.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ [www.bioparadis.is](http://www.bioparadis.is) ■ Hluti af Europa Cinemas

**HANNAH ARENDT**

**CHASING ICE**

**DÁVALDURINN**

**JAGTEN**

sló i gegn á þýskum kvikmyndaugum!

**BÍÓ PARADÍS**

CHASING ICE	(L)	20:00, 22:00
HANNAH ARENDT	(12)	17:50, 20:00
DÁVALDURINN	(16)	22:10
ÞETTA REDDAST	(10)	18:00
THE HUNT (JAGTEN)	(12)	20:00, 22:10
KON-TIKI	(12)	17:50

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN:** [bioparadis.is/klubburinn](http://bioparadis.is/klubburinn)

SKÓLANEMAR: 25% AFLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKRITENIS! SAMI AFLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELÐRI BORGARA.



Lúr býður mikið úrval af Amerískum dýnum frá Serta og dönskum gæðarúmum frá Passion.

# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM



**Rinoa tungusófi**  
Klæddur leðri en einnig til með tau áklæði. Margar útfærslur og litir.



**Diva tungusófi**  
Nettur og þægilegur tungusófi. DIVA er bólstraður í stungnu leðri allan hringinn.



**Demetra svefnsófi**  
Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsófi frá Ítalíu.



**Space**  
Léttur og smekklegur þriggja sæta sófi með krómuðum fótum.



**Dawn tungusófi**  
Flottur og vandaður tungusófi klæddur leðri.



**Yuni**  
Fallegur og rúnnaður horn- og tungusófi með hvíldarstól í enda. Fáanlegur alklæddur leðri eða með áklæði í taui. Margar stærðir og litir í boði.



**Tripode lampi**  
Stórglæsilegur hönnunarlampi frá Santa & Cole á Spáni.



**Toronto Innskotsborð**  
Falleg innskotsborð frá Ítalíu. Hægt að nýta sem hliðarborð eða renna fótum undir sófann og nota borðplötuna yfir sessu eða armi.



**Ezzy**  
Nettur og góður hvíldarstóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða fyrir auka stuðning. Þrír litir í boði.

**Komdu í heimsókn**  
– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

**LÚR**  
BETRI HVÍLD

# Andaðu með nefinu



- Loft innan fárra mínútna
- Ilmur af mentól og eukalyptus

## Otrivin®

Otrivin Menthol ukonservet, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xylometazólinhýdróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bólgur og aukin slimmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðuðu úðaflöskuna milli fingrana. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenergum efnum, ert með skjaldvakaóhöf, sykursýki, háþrýsting, æðakökun, slagæðargálp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan puls, erfiðleika við þvaglát, æxli í nyrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

## Katrín skaut Liverpool áfram í bikarnum

**FÓTBOLTI** Katrín Ómarsdóttir var hetja Liverpool á páskadag í 2-1 sigri á Sunderland í átta liða úrslitum enska bikarsins. Katrín kom inn á sem varamaður í seinni hálfleik og skoraði sigurmarkið á laglegan hátt fimm mínútum fyrir leikslok. Katrín skoraði markið með viðstöðulausu skoti á fjarstöng. Liverpool-liðið hefur því ekki tapað leik á árinu 2013 og er komið í undanúrslit enska bikarsins. Næsta verkefni Katrínar er hins vegar að spila með íslenska landsliðinu á móti Svíþjóð um næstu helgi en það eru síðan tvær vikur í næsta leik hennar með Liverpool. „Við þurfum að vinna í mörgum hlutum en sem betur fer höfum við nægan tíma til þess. Við eigum bara eftir að verða betri,“ sagði Katrín í viðtali á heimasíðu Liverpool.



- 66j

## Zlatan mætir Messi

**FÓTBOLTI** Átta liða úrslit Meistaradeildarinnar hefjast í kvöld með tveimur leikjum. Paris Saint-Germain tekur á móti Barcelona og Bayern München fær Juventus í heimsókn. Leikirnir hefjast klukkan 18.45 og eru í beinni á Sportrásum Stöðvar 2. Öll þessi fjögur lið eiga það sameiginlegt að vera með gott forskot í deildinni heima fyrir.

Margir setja leikinn í París upp sem einvígi á milli Zlatans Ibrahimovic og Lionels Messi, sem eru vanir að bjóða upp á heimsklassataktu þegar mest liggur við.

- 66j



**PÁLMI FREYR SIGURGEIRSSON**

34 ára bakvörður


Leikir í úrslitakeppni ..... 69  
Stig í úrslitakeppni ..... 571  
Fjöldi skipta í undanúrslitum ..... 7



**SIGURÐUR ÞORVALDSSON**

32 ára framherji

Leikir í úrslitakeppni ..... 60  
Stig í úrslitakeppni ..... 881  
Fjöldi skipta í undanúrslitum ..... 7



**JÓN ÓLAFUR JÓNSSON**

31 árs framherji

Leikir í úrslitakeppni ..... 53  
Stig í úrslitakeppni ..... 613  
Fjöldi skipta í undanúrslitum ..... 6

# Reynsluboltarnir

Þrjú leikmenn Snæfells eiga það sameiginlegt að hafa leikið 50 leiki og skorað yfir 500 stig í úrslitakeppninni. Þeir Jón Ólafur Jónsson, Sigurður Þorvaldsson og Pálmi Freyr Sigurgeirsson hafa gengið í gegnum ýmislegt saman.

**KÖRFUBOLTI** Snæfell og Stjarnan spila í kvöld fyrsta leik sinn í undanúrslitakeppni sinni í Dominos-deild karla. Bæði lið tryggðu sér farseðilinn þangað eftir dramatíska sigra á Reykjanesbæjarliðum í oddaleikjum í átta liða úrslitunum.

Snæfellsliðið var vissulega fulltrúi „gamla“ tímans þegar liðið mætti kornungu Njarðvíkurliði í átta liða úrslitunum. Þegar upp var staðið var það einmitt reynsla lykilmanna sem vó hvað þungst á lokaspertinum.

Þrjú leikmanna Snæfellsliðsins voru nefnilega ekki í þessari stöðu í fyrsta eða annað skiptið og það sást þegar þeir stigu allir

fram í umræddum oddaleik þegar liðið þurfti mest á þeim að halda.

Þeir Pálmi Freyr Sigurgeirsson, Sigurður Þorvaldsson og Jón Ólafur Jónsson hafa gengið í gegnum súr og sætt í úrslitakeppninni í gegnum árin og þeir þekkja það bæði að vinna og að missa af titlinum á síðustu stundu. Þetta er í fyrsta sinn sem þeir spila allir saman með Snæfelli síðan að liðið varð Íslandsmeistari í fyrsta og eina skiptið 2010.

Pálmi Freyr er reyndar sá eini þeirra sem hefur unnið Íslandsbikarinn oftast en einu sinni því hann varð einnig meistari með KR 2007 og 2009.

Snæfellingar eiga reyndar einn reynslubolta til viðbótar í Hafþóri Inga Gunnarssyni. Hann hefur ekki spilað jafnmarga leiki í úrslitakeppni og hinir þrjú en ólíkt þeim hefur hann komist alla leið í lokaúrslit með tveimur félögum (Snæfell 2004 og Skalla- grímur 2006).

Fyrsti leikur Snæfells og Stjörnnunnar hefst klukkan 19.15 í Fjárhúsinu í Stykkishólmi í kvöld. Stjarnan vann alla leiki liðanna þegar þau mættust síðast í úrslitakeppninni (í undanúrslitum 2011) en Snæfell vann aftur á móti báða innbyrðis leiki liðanna í deildinni.

ooj@frettabladid.is

# Sjóðheitur á síðasta hálf tímanum

Alfred Finnbogason skoraði sitt 21. deildarmark fyrir Heerenveen um páskana.

**FÓTBOLTI** Alfred Finnbogason hjálpaði Heerenveen að vinna sinn fimmta leik í röð um páskana og hefur þar með skorað 21 deildarmark á sínu fyrsta tímabili í hollensku deildinni. Alfred er nú kominn upp að Atla Eðvaldsyni á listanum yfir þá Íslendinga sem hafa skorað flest mörk á einu tímabili í efstu deild í Evrópu. Atli skoraði 21 mark fyrir Fortuna Düsseldorf í vesturþýsku úrvalsdeildinni 1982 til 1983.

Heerenveen hefur unnið undanfarna fimm leiki með markatölunni 11-4. Alfred hefur skorað í öllum leikjum nema á móti PSV en hann skoraði bæði mörkin í sigrinum á Breda.

Það vekur athygli að Alfred hefur skorað 13 af 21 marki sínu á síðasta hálf tíma leikjanna. Taflan hér fyrir ofan sýnir mikinn mun

## Alfred í hollensku deildinni 2012-13:

**ALFRED Á 1. TIL 60. MÍNÚTU**

1482 mínútur spilaðar – 8 mörk skoruð

Mark á 185,3 mínútna fresti

**ALFRED Á 61. TIL 90. MÍNÚTU**

675 mínútur spilaðar – 13 mörk skoruð

Mark á 51,9 mínútna fresti

á markaskori hans eftir því hversu mikið er liðið af leikjunum.

Alfred skoraði reyndar fjögur fyrstu deildarmörkin sín í fyrri hálfleik en frá og með 7. október hefur hann aðeins einu sinni skorað í fyrri hálfleiknum og

sex síðustu mörk Alfreds hafa dottið inn á síðasta hálf tíma leikjanna. Til viðbótar þessu má nefna þá staðreynd að eina landsliðsmark hans frá því í haust kom einmitt þegar aðeins níu mínútur voru eftir á móti Noregi.

Marco Van Basten, þjálfari Heerenveen, veit því að það borgar sig ekki að skipta Alfred út af því það er alltaf von á marki frá honum í lok leikja, eins og sannaðist enn einu sinni á laugardaginn var.



- 66j

## Ný vara



### Spjaldtölvustandur

- Heldur spjaldtölvunni í rétttri stöðu
- Fjölmargin stillimöguleikar
- Minnkar álag á háls, herðum og hrygg við lestur
- Hámarkshæð: 135 cm og Hámarkslengd: 38 cm

**Bjóðum einnig bókahaldara á standinn**

*Vinsælustu standarnir í Bandaríkjunum*

**Verð 29.750 kr.**



Spjaldtölvuarmur – **Verð 19.750 kr.**

# HEILSUEFLING OG AUKIN LÍFSGÆÐI



## Eirberg

*Eirberg ehf. er innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki. Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelða störf og daglegt líf, stuðla að hagræði og vinnuvernd.*

### SitFit Loftsessa

- Bætir setstöðu
- Styrkir bakvöðva
- Léttir álagi af hryggnum

**Verð: 5.980 kr.**



### Swopper vinnustóllinn

- Fylgir hreyfingum líkamans
- Styrkir bak og kviðvöðva
- Margviðurkenndur stóll

*Hentar sérstaklega vel fólki með bakvandamál*

**Verð: 118.700 kr.**




### Muvman fyrir breytilega hæð

- Betri vinnuaðstaða
- Sveigjanleiki
- Dýpri öndun
- Aukin afköst
- Einstakur stóll

*Í eldhúsið og við vinnuborðið*

**Verð 78.500 kr.**






**WEMBLEY 21. MAÍ 2005**  
4-5 tap í vftakeppni á móti Arsenal í úrslitaleik.



**ANFIELD 18. FEBRÚAR 2006**  
0-1 tap á móti Liverpool í 16 liða úrslitum.  
Peter Crouch skoraði sigurmarkið á 19. mín.



**WEMBLEY 19. MAÍ 2007**  
0-1 tap á móti Chelsea í úrslitaleik.  
Didier Drogba skoraði sigurmarkið á 116. mín.



**OLD TRAFFORD 8. MARS 2008**  
0-1 tap fyrir Portsmouth í 8 liða úrslitum.  
Sulley Muntari skoraði sigurmarkið á 78. mín.



**STAMFORD BRIDGE 1. APRÍL 2013**  
0-1 tap fyrir Chelsea í 8 liða úrslitum.  
Demba Ba skoraði sigurmarkið á 49. mín.

## Bikarblús United

Demba Ba tryggði Chelsea sæti í undanúrslitum enska bikarsins þegar hann skoraði eina markið í 1-0 sigri á United á Brúnni í gær. Chelsea mætir City.

**FÓTBOLTI** Manchester United er á góðri leið með að tryggja sér fimmta Englandsmeistaratið á síðustu sjö árum en það ætlar að reynast lærisveinum Sir Alex Ferguson hins vegar einstaklega erfitt að vinna enska bikarinn.

Manchester United datt í gær úr enska bikarinn eftir 1-0 tap á móti Chelsea á Stamford Bridge í endurteknum leik liðanna í átta liða úrslitum. Það liða þá í það minnsta tíu ár á milli bikarmeistaratið félagsins.

Chelsea mætir því Manchester City í undanúrslitum á Wembley, sem verður án nokkurs vafa stillt upp sem raunverulegum úrslitaleik keppinnar því í hinum

undanúrslitaleiknum mætast Millwall og Wigan.

Demba Ba skoraði eina mark leiksins á 49. mínútu með frábærri afgreiðslu eftir sendingu frá Juan Mata. „Þetta mark minnti mig á mark sem ég skoraði fyrir Newcastle á móti United. Það var mikilvægt að vinna í dag því þetta gefur okkur mikið sjálfstraust fyrir framhaldið,“ sagði Demba Ba eftir leik. Markvörðurinn Petr Cech var líka hetja þegar hann varði skalla Javiers Hernandez á stórglæsilegan hátt í seinni hálfleiknum.

„Okkur skorti yfirvegun til þess að vinna þennan leik. Við vorum búnir að ræða Ba og markið sem

hann skoraði gegn okkur fyrir nokkrum árum en strákarnir sofnuðu á verðinum. Það eru allir svektir því við vitum að við getum gert betur,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United.

„Þegar ég var með Liverpool komumst við í úrslitaleikinn í Cardiff og vonandi kemst ég líka í úrslitaleik á Wembley,“ sagði Rafa Benitez, stjóri Chelsea. Hann gerði Liverpool einmitt að meisturum síðast þegar hann sló út United.

Hér á síðunni má sjá þessa nýu bikarleiki sem Manchester United hefur tapað frá því að liðið varð bikarmeistari síðast 2004.

ooj@frettabladid.is



**ANFIELD 28. JANÚAR 2012**  
1-2 tap á móti Liverpool í 32 liða úrslitum.  
Dirk Kuyt skoraði sigurmarkið á 88. mín.



**WEMBLEY 16. APRÍL 2011**  
0-1 tap á móti Manchester City í undanúrslitum.  
Yaya Touré skoraði sigurmarkið á 52. mín.



**WEMBLEY 19. APRÍL 2009**  
2-4 tap í vftakeppni á móti Everton í undanúrslitum.

**OLD TRAFFORD 3. JANÚAR 2010**  
0-1 tap fyrir Leeds United í 64 liða úrslitum.  
Jermaine Beckford skoraði sigurmarkið á 19. mín.

[www.kia.com](http://www.kia.com)

# Komdu og prófaðu sparneytinn Kia cee'd

## cee'd

The Power to Surprise

Nýr Kia cee'd er kraftmikill, sparneytinn, rúmgóður og enn betur búinn en nokkru sinni. Hann **eyðir aðeins 4,1 l/100 km** í blönduðum akstri og fær því **frítt bílastæði í Reykjavík** í 90 mínútur í senn.

**Eigum bíla til afgreiðslu strax! Komdu og reynsluaktu.**

\* M.v. 50% útborgun eða uppitökubíll að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,70% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,06%.



Kaupauki:  
Vetrar-dekk

Verð frá **3.560.777 kr.** Kia cee'd dísil  
Aðeins **28.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði\*

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook



**ASKJA** · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

5. APRÍL Í HÖRPU

# LADDI LENGIR LÍFIÐ

ADALHJUTVERK ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON HANDRIT KARL ÁGÚST ÓLFSSON LEIKSTJÓRN SIGURÐUR SIGURJÓNSSON LEIKMYND EGILL EDVARSSON TÓNLIST & HLJÓÐHÖNNUN ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON FRAMLEIÐENDUR ÍSLEIFUR ÞÓRHALLSSON & BERGSVEINN JÓNSSON

EINLEIKIN GAMANSEMI EFTIR KARL ÁGÚST, LADDA OG SIGGA SIGURJÓNS

TRYGGÐU  
ÞÉR  
MIÐA!  
NÁVAR Á SENA.IS/LADDI



**UPPSELT ÚT APRÍL!**  
**NÝJAR SÝNINGAR KOMNAR Í SÖLU.**

Miðaverð er 3.900 kr. Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.



> Stöð 2 kl. 21.15

**Kidnap and Ransom**

Framhaldsmynd mánaðarins á Stöð 2 kallast Kidnap and Ransom en þetta er önnur myndin sem Stöð 2 sýnir um Dominic King. Hann er sérfræðingur í að semja við mann-ræningja og að þessu sinni er hann staddur á Indlandi að freista þess að frelsa breska fjölskyldu úr höndum mann-ræningja. Til skotbardaga kemur og á flóttanum hertaka mann-ræningjarnir rútu fulla af ferðamönnum.



**Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?**

**ÁSRÚN MAGNÚSDÓTTIR DANSLISTAMAÐUR**

**Notast við niðurhal**

Ég horfi reyndar ekki mikið á sjónvarpið heldur notast frekar við ólöglegar leiðir niðurhals.



**RÚV KL 14.00**



**1 HVOLPALÍF** Það blundar í mér hundur. Ég er reyndar búin að sjá þessa þætti áður en fagna því að verið sé að endursýna þá.

**RÚV, MÁN KL 22.20**



**2 ÍSLENSKI BOLTINN** Af því að það jafnast ekkert á við íslenskan bolta. Sjálf held ég með Augnabliki, B-liði Breiðabliks.

**RÚV, SUN KL 17.56**



**3 HRÚTURINN HREINN** Ég kynntist hrútnum Hreini eitt sinn á Pizza Deli og upp-götvaði að hann er mikil snilld.

**RÁS 1**

FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútlarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Leitinn **14.00** Fréttir **14.03** Homo ludens – hinn leikandi maður **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpsagan: Skaparinn **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Trío **17.00** Fréttir **17.03** Viðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Híröðin á Laugavegi **21.00** Íslendingasögur **21.20** Guðir deya **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Syndir mæðranna **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútlarp Rásar 1

**RÚV**

- 11.45** Elizabeth Taylor (e)
- 13.00** Ísbjóðin með Ragnhildi Steinunni
- 13.25** Andraland (7:7) (e)
- 13.55** Hvolpalíf (7:8) (8:8) (e)
- 14.55** Tónleikar frú Carey (Mrs Carey's Concert) Karen Carey hefur verið tónlistarstjóri stúlkaskóla í Sydney í 20 ár.
- 16.30** Ástareldur (Sturm der Liebe)
- 17.20** Teitur
- 17.30** Sæfarar
- 17.41** Leonardo
- 18.10** Teiknum dýrin
- 18.15** Táknafréttir
- 18.25** Góði kokkurinn (2:6) (e)
- 19.00** Fréttir
- 19.30** Veðurfréttir
- 19.35** Alþingiskosningar 2013 – Leiðtogaumræður Formenn framboða sem bjóða fram á landsvísu mætast í sjónvarpsal og ræða helstu stefnumál sín fyrir alþingiskosningarnar 27. apríl.
- 21.30** Skólahreysti Grunnskólar landsins keppa í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda.
- 22.15** Seinni fréttir
- 22.30** Veðurfréttir
- 22.35** Glæpurinn III (10:10) (Forbryðelsen III) Dönsk sakamálabáttaröð. Ungri telpu er rænt og Sarah Lund, rannsóknarlögreglumaður í Kaupmannahöfn, fer á mannaveiðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.35** Neyðarvaktin (12:24) (Chicago Fire) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.20** Alþingiskosningar 2013 – Leiðtogaumræður
- 02.20** Fréttir
- 02.30** Dagskrárlok

**BIÓ**

- 10.20** Noise
- 11.50** Arctic Tale
- 13.15** Fantastic Mr. Fox
- 14.40** Balls of Fury
- 16.10** Noise
- 17.40** Arctic Tale
- 19.05** Fantastic Mr. Fox
- 20.30** Balls of Fury
- 22.00** Transporter 3
- 23.40** Bangkok Dangerous
- 02.55** Transporter 3

**STÖÐ 2**

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
- 08.05** Malcolm in the Middle (21:25)
- 08.30** Ellen (63:170)
- 09.15** Bold and the Beautiful
- 09.35** Doctors (50:175)
- 10.15** The Wonder Years (20:22)
- 10.40** Gilmore Girls (3:22)
- 11.25** Up All Night (9:24)
- 11.50** The Amazing Race (3:12)
- 12.35** Nágrannar
- 13.00** America's Got Talent (10:32)
- 14.30** Mark Zuckerberg – Inside Facebook
- 15.25** Sjáðu
- 15.55** Njónskólinn (4:13)
- 16.25** Barnatími Stöðvar 2
- 16.50** Bold and the Beautiful
- 17.10** Nágrannar
- 17.35** Ellen (69:170)
- 18.23** Veður
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 18.47** Íþróttir
- 18.54** Ísland í dag
- 19.11** Veður
- 19.20** The Big Bang Theory (20:24)
- 19.40** Laddi – í eigin persónu
- 20.05** Modern Family (17:24)
- 20.30** How I Met Your Mother (16:24)
- 20.55** Two and a Half Men (10:23)
- 21.15** Kidnap and Ransom (1:2) Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Dominic King er sérfræðingur í að semja við mann-ræningja og er fremstur á sínu sviði.
- 22.25** The Daily Show: Global Editon
- 22.55** Go On (10:22)
- 23.15** Kalli Berndsen – í nýju ljósi (2:8)
- 23.45** Grey's Anatomy (18:24)
- 00.30** Red Widow (2:8)
- 01.15** Girls (8:10)
- 01.45** Mad Men (9:13)
- 02.30** Rizzoli & Isles (13:15)
- 03.15** Modern Family (17:24)
- 03.35** How I Met Your Mother (16:24)
- 04.00** The Big Bang Theory (20:24)
- 04.25** Mark Zuckerberg – Inside Facebook
- 05.15** Up All Night (9:24)
- 05.40** Fréttir og Ísland í dag

**SPORT** besta sætið

- 07.00** Dominos-deildin 2013
- 14.20** Dominos-deildin 2013
- 15.50** FA bikarinn: Chelsea - Man. Utd.
- 17.30** Meistarad. Evrópu: fréttabáttur
- 18.00** Þorsteinn J. og gestir: upphitun
- 18.30** Meistaradeild Evrópu: PSG - Barcelona BEINT
- 20.45** Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin
- 21.15** Meistaradeild Evrópu: Bayern - Juventus
- 23.05** Meistaradeild Evrópu: PSG - Barcelona
- 00.55** Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin

**SPORT 2** enski boltinn

- 07.00** Fulham - QPR
- 14:45** West Ham - WBA
- 16:25** Sunderland - Man. Utd.
- 18:05** Premier League Review Show
- 19:00** Aston Villa - Liverpool
- 20:40** Southampton - Chelsea
- 22:20** Football League Show
- 22:50** Sunnudagsmessan
- 00:05** Swansea - Tottenham

**krakkar**

- 07.00** Harry og Toto
- 07.10** Elías
- 07.20** Áfram Diego, áfram!
- 07.45** Waybuloo
- 08.05** Svampur Sveinsson
- 08.25** Latibær (11:18)
- 08.50** Dóra könnuður
- 09.15** Doddi litli og Eyrnastór
- 09.25** UKI
- 09.30** Strumparnir
- 09.55** Histerial!
- 10.15** Ævintýri Tinna
- 10.40** Ofurhundurinn Krypto
- 11.00** Stöð 2 Krakkar – barnatími
- 17.05** Tommi og Jenni
- 17.30** Leðurblökustelpa
- 17.55** iCarly (21:45)

**POP TV**

- 17.00** Simpson-fjölskyldan (11:22)
- 17.25** Íslenski listinn Söngdíván Þórunn Antonía Magnúsdóttir kynnr tíu vinsælustu lög vikunnar ásamt einu vænlegu til vinsælda.
- 17.50** Gossip Girl (11:24) Fimmta þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist.
- 18.35** Game Tívi Fræðandi þáttur um allt það nýjasta úr tækni- og tölvuleikjaheiminum. Þáttastjórnendur eru Ólafur Þór Jónsson og Sverrir Bergmann.
- 19.00** Friends (9:25)
- 19.25** How I Met Your Mother (21:24)
- 20.10** The Glee Project (11:12) Önnur þáttaröðin af þessum frábæru þáttum sem ganga út á það að finna og þjálfva upp ótrúlega hæfileikaríkt ungt fólk sem keppir svo um gestahlutverk í einni vinsælustu þáttaröð síðari tíma, Glee.
- 20.55** FM95BLÖ Frábær skemmtiþáttur með Audda Blö og félögum þar sem við fáum einstakt tækifæri til að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
- 21.20** Hellcats (11:22) Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggast inn í kappsaman heim klappstýra og vinskapa þeirra á milli.
- 22.05** Smallville (15:22)
- 22.50** Game Tívi
- 23.15** The Glee Project (11:12)
- 00.00** FM95BLÖ
- 00.25** Hellcats (11:22)
- 01.10** Smallville (15:22)
- 01.55** Tónlistarmyndbönd

**GULL**

- 18.20** Doctors (2:175)
- 19.00** Ellen (81:170)
- 19.40** Arnar og Ívar á ferð og flugi (2:5)
- 20.05** Veggfóður
- 20.55** Hotel Babylon (4:8) F
- 21.50** Footballer's Wives (2:8)
- 22.40** Arnar og Ívar á ferð og flugi (2:5)
- 23.05** Veggfóður
- 23.55** Hotel Babylon (4:8)
- 00.50** Footballer's Wives (2:8)
- 01.40** Tónlistarmyndbönd Popptíví

**SKJÁREINN**

- 06.00** Pepsi MAX tónlist
- 08.00** Dr. Phil
- 08.45** Pepsi MAX tónlist
- 16.00** Hotel Hell (6:6)
- 16.50** Dynasty (10:22)
- 17.35** Dr. Phil
- 18.20** Family Guy (13:16)
- 18.45** Parks & Recreation (21:22)
- 19.10** America's Funniest Home Videos
- 19.35** Everybody Loves Raymond (24:24)
- 19.55** Will & Grace (4:24)
- 20.20** Design Star (1:10) Skemmtilegir þættir þar sem hönnuðir fá erfið verkefni og sá sem færastur er stendur uppi sem sigurvegari.
- 21.10** The Good Wife (17:22) Vinsælir bandarískir verðlaunabættir um góðu eiginkonuna Aliciu Florrick. Heimsókn til krufningarlæknis virðist opna augu Aliciu og Will í tilteknu sakamáli.
- 22.00** Elementary (13:24) Vinsælir bandarískir þættir sem fjalla um besta einkaspjara veraldar, sjálfan Sherlock Holmes. Honum til halds og trausts er Dr. Watson, sem að þessu sinni er kona.
- 22.45** Hawaii Five-O (6:24) Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Hawaii í þessum vinsælu þáttum. Sprengjuvargur gengur laus og við rannsókn málsins kemur í ljós gamalt sakamáli frá New Jersey.
- 23.35** CSI (13:22)
- 00.25** CSI: New York (15:17)
- 01.15** Excused
- 01.40** The Good Wife (17:22)
- 02.30** Elementary (13:24)
- 03.15** Pepsi MAX tónlist

**SKJÁRGOLF**

**06.00** ESPN America **07.45** Shell Houston Open 2013 (1:4) **10.45** The Memorial Tournament 2012 (3:4) **13.40** Shell Houston Open 2013 (2:4) **16.40** PGA Highlights (2:20) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (13:45) **19.45** Ryder Cup Official Film 2012 (1:1) **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2012 (1:1) **23.50** ESPN America

**INN**

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Framboðspáttur **21.30** Framboðspáttur

**ÚTVARP** FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun

Á hraðleið inn í daginn

# Í bítíð

Heimir og Kolla  
Virka daga kl. 6.50 – 9

## BYLGJAN

989

# Sony Center

www.sonycenter.is

## Gleðigjafar frá Sony

Tilboð  
43.990.-



### Frábær kaup á Android snjallsíma

SONY XPERIA J

- 4" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 5 megapíxla myndavél, LED flasn
- Videoupptaka
- 512MB vinnsluminni
- Rauf fyrir minnikort

**TILBOÐ 43.990.-** Verð áður 49.990.-



### Góður Android snjallsími

SONY XPERIA TIPO

- 3,2" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 5 megapíxla myndavél, LED flasn
- Videoupptaka
- Afspilun á tónlist allt að 36 klst

**Verð 22.990.-**

Tilboð  
44.990.-



### Vatns og rykvarinn Android snjallsími

SONY XPERIA TIPO

- 3,5" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 5 megapíxla myndavél, LED flasn
- Videoupptaka
- Afspilun á tónlist allt að 45 klst

**TILBOÐ 48.990 .-** Verð áður 49.990.-



Tilboð  
29.990.-

### Frábær CD dokka FM

CMTV9B

- Geislaspilari, útvarp og tengi fyrir MP3 spilara
- 30 stöðva minni og RDS
- Magnari 20w RMS
- Hægt að hengja á vegg

**TILBOÐ 29.990 .-** Verð áður 39.990.-

Tilboð  
99.990.-



### Flott Vaio á góðu verði

SVE1513B1EW

- Intel Pentium örgjörvi
- 15,5" Flat LED skjár
- 4GB innra minni, 500GB diskur
- Quick Web Access

**TILBOÐ 99.990 .-** Verð áður 109.990.-

Tilboð  
119.990.-



### Vaio myndvinnslutröll

SVE1513K1EW

- Intel Core i3 örgjörvi
- 15,5" Flat LED skjár
- 4GB innra minni, 750GB diskur
- Quick Web Access

**VERÐ 149.990 .-**



### NEX með enn hraðari focus og WiFi

NEX-5R

- 16.1 megapíxlar
- EXMOR APS-C myndflaga
- Full HD 1080 videotaka
- 18-55mm linsa fylgir

**TILBOÐ 119.990 .-** Verð áður 139.990.-

Sony Center  
Verslun Nýherja Borgartúni  
569 7700

Sony Center  
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri  
569 7645

12 mánaða vaxtalaus lán  
3,5% lántökugjald og  
330 kr færslugjald á hvern gjalddaga.

## BÓKIN



„Það er Winchester-bókin eftir R.L. Wilson. Þetta er saga Winchester-skotvopnanna. Ég glugga oft í hana rétt fyrir háttinn.“

Páll Reynisson, veiðimaður á Stokkseyri.

## Langar til Cannes með Gosling

Pórir Snær Sigurjónsson vonast til að frumsýna Only God Forgives á Cannes.

„Við erum að kanna Cannes-mögu-leikann en erum í biðstöðu og ekki búið að staðfesta neitt,“ segir Pórir Snær Sigurjónsson, einn af yfirframléiðendum kvikmyndarinnar Only God Forgives.

Aðalleikari myndarinnar er hjartaknúsarinn Ryan Gosling og leikstjóri er Daninn Nicolas Winding Refn, sem leikstýrði Gosling í myndinni Drive með eftirminnilegum árangri. Pórir Snær vonast til að frumsýna á Cannes-hátíðinni í Frakklandi í maí en tilkynnt verður um hvaða myndir komast þangað

inn 18. apríl. „Ég trúir ekki öðru en að það muni ganga en það eru líka aðrir möguleikar í stöðunni, eins og hátíðin í Feneyjum.“

Pórir er mjög ánægður með myndina, sem þykir ansi ofbeldisfull. „Hún er dálítið svakaleg. Ég held að annaðhvort eigi fólk eftir að elska hana eða hata hana.“

Hann er einnig að skima um eftir leikurum fyrir aðra mynd sem hann framleiðir, Z For Zachariah, en þegar er búið að ráða stjórnuna Tobey Maguire í aðalhlutverkið. „Þetta skýrist allt í

næsta mánuði. Maður þorir ekki að segja neitt fyrr en það er búið að skrifa undir.“

Það er fyrirtæki Póris Snæs á Íslandi, Zik Zak, sem er með bæði Z For Zachariah og Kalt vor, í leikstjórn Hafsteins Gunnars Sigurðssonar, á sinni könnu. Íslenska myndin fer í tókur á Flateyri í sumar og lýkur fjármögnun hennar á næstu vikum. - fb



PÓRIR SNÆR  
Tvær erlendir myndir Póris Snæs eru á leið á hvíta tjaldið.

## Semja enska texta og safna fyrir nýrri plötu

Hljómsveitin Mammút sér loksins fyrir endann á erfiðu upptökferli.

„Við ætlum að halda þessa söfnunartónleika til að við getum klárað þetta dæmi,“ segir Arnar Pétursson, gítarleikari Mammúts. Hljómsveitin spilar á Faktorý laugardaginn 6. apríl og verður aðgangseyririnn notaður til gerðar þriðju plötu hennar, sem hefur verið lengi í undirbúningi.

Tvö ár eru liðin síðan Mammút skrifaði undir samning við Record Records vegna plötunnar en síðan þá hefur henni verið frestað hvað eftir annað. Record Records lagði ákveðið fjármagn í hana í byrjun, sem núna er uppur. Aðspurður segist Arnar ekki vita ástæðuna fyrir töfunum.

„Við höfum rætt þetta fram og til baka og haldið fundi og farið upp í sveit í hljómsveitar-meðferð til að reyna að finna eitthvað út úr þessu. Það er oft erfitt ferli hjá okkur að semja. Við semjum allt saman og þegar fimm einstaklingar hittast og reyna að koma skoðunum sínum á framfæri ganga hlutirnir oft erfiðlega,“ segir hann. „Karkari [síðasta plata Mammúts sem kom út fyrir fimm árum] gekk líka rosalega vel og við lifðum lengi á henni. Við gátum alltaf frestað þessu einhvern veginn en núna er það löngu búið. Þetta er erfiðasta ferli sem maður hefur gengið í gegnum en við sjáum loksins fyrir endann á þessu núna.“

Búið er að taka upp grunna fyrir öll lög plötunnar en aðeins er búið að klára eitt að fullu, Salt sem kom út fyrir skömmu. Stefnt er á útgáfu síðar á þessu ári ef söfnunin gengur vel. Mammút, sem vann Músíktilraunir 2004, ætlar í fyrsta sinn



ARNAR PÉTURSSON Gítarleikarinn, sem borðar eingöngu hráfæði, spilar á söfnunartónleikum Mammúts 6. apríl.

### Mammút hét upphaflega ROK

Mammút var stofnuð árið 2003 sem stúlknafríðið ROK. Nafnið Mammút var þó tekið upp fljótlega og bættust þá strákarnir í hópinn. Hljómsveitin er skipuð þeim Katrínu Mogensen, Arnari Péturssyni, Andra Bjarti Jakobsyni, Alexöndru Baldursdóttur og Vilborgu Ásu Dýradóttur. Hún hefur gefið út tvær plötur síðan hún vann Músíktilraunir 2004. Sú fyrsta hét einfaldlega Mammút og kom út árið 2006. Sú næsta, Karkari, leit dagsins ljós tveimur árum síðar. Hún innihélt ellefu lög, þar á meðal Svefnýkt, sem naut mikilla vinsælda.

að semja enska texta fyrir nýju plötuna með útgáfu erlendis í huga. Íslenskan verður samt áfram til staðar fyrir aðdáendur hennar hér á landi. „Þetta verða í rauninni tvær útgáfur af sömu plötunni. Umbodsmáðurinn okkar, sem er breskur, er búinn að ræða við ýmsa aðila úti. Þeir segja að þetta sé rosalega flott en segja svo: „Tölum saman

þegar þetta er komið á ensku“. Það er alltaf sama svarið sem við fáum, þannig að við ákváðum að taka nýjan vinkil á þetta. En okkur finnst mikilvægt að halda íslenskunni líka,“ segir Arnar.

Ojba Rasta, Samaris og Oyama spila einnig á Faktorý 6. apríl. Húsið opnar klukkan 21 og fyrsta band fer á svið klukkan 22.

freyr@frettabladid.is

## Systur með ljósmyndasýningu

Sigríður, María og Hulda opna sýningu í tengslum við List án landamæra 2. apríl.

„Við höfum allar verið áhugasamar um að taka myndir frá því við vorum ungar og fórum um með filmuvélarnar okkar eða einnota myndavélarnar og tókum myndir,“ segir Sigríður Sigurjónsdóttir áhugaljósmyndari.

Sigríður og systur hennar, María og Guðrún Hulda, eru allar áhugaljósmyndarar og ætla að setja upp sameiginlega sýningu með myndum sínum á Þjóðminjasafninu þann 19. apríl næstkomandi. Sýningin er í samstarfi við List án landamæra. „Ég sá auglýsingu frá þeim á Facebook þar sem verið var að leita að listamönnum. Ég hafði þá samband til að athuga hvort þeir hefðu áhuga á ljósmyndurum líka,“ segir Sigríður spurð hvernig sýningin hafi komið til.

Sigríður segir systurnar þrjár taka svipaðar myndir þó þær hafi allar sinn stíl. „Við erum aðallega í landslagsmyndum en tókum samt



ÞRÍJAR SYSTUR Systurnar Sigríður, María og Hulda eru miklir áhugaljósmyndarar. MYND/ÚR EINKASAFNI

myndir af öðru líka,“ segir hún. Þær þurfa ekki að leita langt til að finna fallett landslag fyrir myndir sínar því þær eru uppaldaðar á bænum Mið-Mörk sem er undir Eyjafjöllum. Eldgosið í Eyjafjallajökli var því sérstaklega nálægt þeim og verður meðal annars að finna myndir af því

á sýningunni. Sigríður og Hulda eru fluttar í höfuðborgina en fara reglulega aftur heim til að taka myndir eða hitta fjölskylduna. Svo eru þær líka allar í ljósmyndaklúbnum 860+ á Hvolsvelli, sem er sérstaklega fyrir áhugaljósmyndara.

- trs

Minnum á tilboð til ÍMARK félaga  
Miðaverð 70.000.-  
og raðbókin Marketing 3.0 eftir Kotler fylgir frítt með í boði eBækur.is

Iceland Business Forum kynnr:

Heilsdags námskeið með föður nútíma markaðsfræði

**Philip Kotler**

**Marketing 3.0**

Values Driven Marketing

Arðsemi Ávöxtun Sjálfbærni

Markaðssetning fyrir stærri og smærri fyrirtæki

Fullt verð 99.900.-

Hópar og fyrirtæki geta leitað tilboða á [ibf@ibf.is](mailto:ibf@ibf.is)

Nánari upplýsingar og sala er á [miði.is](http://miði.is) og [ibf.is](http://ibf.is)

Í Háskólabíói – 24. apríl 2013

Philip Kotler er í boði:



FYRIR STERKAR OG HREINAR TENNUR



**TYGGÐU EXTRA**  
EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætuþefnis í tyggigúmmii



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

## VÍSIR

Meiri Vísir.

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Formúlukappi á Austur

Enn bætist í stjórnumfarsinn sem eyddi páska hátíðinni á Íslandi en írski ökuþórin Eddie Irvine sást á vappi um miðbæ Reykjavíkur á föstudagskvöldið. Irvine er þekktur kappaksturskappi úr Formúlu 1 þar sem hann keppti meðal annars fyrir Ferrari og Jagúar. Irvine er nú sestur í helgan stein en er þekktur glaumgosi í skemmtanalífnu vestanhafs og var meðan annars kærasti Pamela Anderson um tíma. Irvine sást borða á Fiskmarkaðnum á föstudagskvöldið ásamt vinum og dansaði svo á Austur síðar um kvöldið. Þar báru einhverjir aðdáendur Formúlu 1 kennsl á kappann, sem glaður gaf eiginhandarárítanir og stillti sér upp á myndum fyrir áhugasama. -áp



#### Trúlofuð á spænski strönd

Hildur Sif Kristborgardóttir, ritstýra tímaritsins VOLG, og Eilífur Örn Prastarson, leikstjóri og tónlistarmaður, eru trúlofuð. Eilífur bað Hildur á spænski strönd á föstudaginn langa, þar sem þau voru stödd í páskafríi. Hildur greindi frá þessu á Facebook-síðu sinni og í kjölfarið rigndi hamingjuóskunum yfir skötu hjúin. -þeb



#### Mest lesið VÍSIR

- 1 Charlie Sheen farinn af landi brott
- 2 Oblivion heimsfrumsýnd í kvöld
- 3 Tom Cruise á leið til landsins
- 4 Stúlkubarn lést þegar fjórhjól valt
- 5 Með jákvæðina að leiðarljósi
- 6 Útvarpsmenn vilja á þing

**NÝ KILJA**

„Snjöll og margbrotin.“  
 SUNDAY TIMES  
 VAKA-HELGAPELL  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)  
 – alvöru bókaútd á netinu

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT



10 ÞÚS. KRÓNA INNEIGN Á FYLGIHLUTUM  
 MEÐ ÖLLUM FERMINGARRÚMUM.

GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.

# Fermingar rúmin

frábært verð á heilsudýnum

**ÝMIR** NÝ FRÁBÆR HEILSUDÝNA  
 VINSÆLASTA FERMINGARDÝNAN OKKAR

5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með botni og fótum. - Til í mörgum stærðum



90x200 cm	89.900 kr.
100x200 cm	94.900 kr.
120x200 cm	109.900 kr.
140x200 cm	119.900 kr.
153x203 cm	129.900 kr.

**12** mán.  
 vaxtalausar greiðslur\*

## GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

MINE  
 gæða dúnsæng og kodd

Nú kr. 29.900.-  
 Verð áður kr. 42.900.-

**20%**  
 afsláttur af  
 sængurverasettum  
 Mikið úrval

Dúndur  
**tilboð**  
 á stillanlegum rúmum  
 Hjónarúm 2x80 cm  
 frá kr. 339.900.-



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

\*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa  
 ★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
 Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
 Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00  
 Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)